„Í TORFKOFA UPPI UNDIR JÖKLI“

GANGNAKOFAR, LEIÐIR OG AÐRAR MINJAR Á ÁHRIFASVÆÐI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR



ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR OG SÆDÍS GUNNARSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2005
FS274-00064

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
SJÁLFSEIGNARSTOFNUN

Kápumynd: Snæfell séð frá Sauðárkofa á Vesturöræfum sumarið 2004. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)
Titill er tilvitnun í Daniel Bruun.

© 2005
Fornleifastofnun Íslands sjálfseignarstofnun
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1 Inngangur 5
2 Gangnakofar og samgönguminjar 9
2.1 Sjónarhólskofi, NM-167c:010 9
2.2 Sauðárkofi (Sauðakofi) á Vesturöræfum, NM-167e:002 11
2.3 Lindakofi, NM-167e:009 16
2.4 Fitjakofi 17
2.5 Pálstóftir (Reykjasel), NM-167e:008 19
2.6 Sauðárkofi eldri, aðhald NM-122b:023 og veggjarbrot NM-122b:024 á Réttartorfu í Sauðárdal 21
2.7 Sauðárkofi yngri NM-122b:009 22
2.8 Kofi í Sauðafelli 24
2.9 Kofarúst á Kringilsárrana 24
2.10 Kláfar við Sauðá NM-122b:016 og NM-122b:022 25
2.11 Kláfur á Kringilsá 27
2.12 Vað á Kringilsá 29
2.13 Varða í Sauðárdal NM-122b:019 30
3 Leiðir 31
4 Tilvísanir 39
5 Heimildaskrá 45

Inngangur 1

Sumarið 2000 gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu vegna umhverfismats á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Heimildum var safnað um minjar á svæðinu auk þess sem hver minjastaður var skoðaður á vettvangi. Á svæðinu í heild, þ.e. frá öræfum til sjávar, eru a.m.k. 4000 fornminjar af ýmsu tagi. Fæstum þeirra stafar þó nokkur hætta af framkvæmdum vegna virkjunarinnar.[1] Hér verður aðeins fjallað um minjar á hálendinu norðan Vatnajökuls, nánar tiltekið á lónsstæði Hálslóns og Kelduárlóns.

Samkvæmt fyrrnefndri skráningu Fornleifastofnunar Íslands munu sjö minjastaðir lenda undir vatnsborði, fimm þeirra undir Hálslóni, Sauðárkofi í Sauðárdal, tveir kláfar við Sauðá, varða, veggjarbrot og aðhald í Sauðárdal og Sauðárkofi syðst á Kofaöldu á Vesturöræfum (sjá mynd 1) og einn undir Kelduárlóni, Sjónarhólskofi (sjá mynd 2). Tilgangur þeirrar skýrslu sem hér fer á eftir var því að safna saman tiltækum heimildum um þessa staði, og varpa þannig frekara ljósi á sögu minjanna og hlutverk þeirra. Upplýsinga var aflað í fyrirliggjandi heimildum, s.s. örnefnaskrám, sýslu- og sóknarlýsingum, héraðsritum, ferðabókum og ferðalýsingum, hreppaskjölum og víðar. Auk þess var aflað munnlegra heimilda meðal kunnugra manna á svæðinu. Bar hvort tveggja góðan árangur. Þannig fundust ágætar heimildir um þá fimm minjastaði, sem vitað var að hyrfu, auk þess sem upplýsingar fengust um nokkra staði til viðbótar. Einnig var safnað aukinni vitneskju um leiðir á þessu svæði. Verður hér á eftir gerð grein fyrir hverjum þessara minjastaða fyrir sig, og greint frá þeim heimildum sem um hann fjalla.

Það hálendissvæði sem hér um ræðir telst til hinna víðlendu afréttarlanda Fljótsdælinga annars vegar og Jökuldælinga hins vegar. Einkum eru það tvö gangnasvæði afréttanna sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum, þ.e. svonefnd „Vesturöræfi“ austan megin Jökulsár á Brú, sem er afrétt Fljótsdælinga, og „Brúardalir“ vestan árinnar, sem er innsti hluti afréttarlands Jökuldælinga. Allar minjarnar eru á þessum tveimur gangnasvæðum, nema ein, Sjónarhólskofi, sem er á svonefndri „Múlaafrétt“ Fljótsdælinga. Eðli málsins samkvæmt dreifast leiðirnar frekar um svæðið. Hér verður litið nánar á leiðir sem vitað er um á svæðinu og tengingu þeirra við þjóðleiðir sem liggja nálægt framkvæmdasvæðinu. Nær sanni er líklega að fjallferðir hafa alltaf verið erfiðar á Íslandi og að menn hafa aldrei lagt á fjallvegi nema brýna nauðsyn bæri til. Það er ljóst að allt frá fyrstu tíð hafa menn lagt leið sína yfir hálendið á ýmsum stöðum, en jafnframt að komið hafa löng tímabil þegar

lengstu og erfiðustu leiðirnar hafa verið mjög fáfarnar og jafnvel hafa þær týnst alveg. Varðaðar leiðir, jafnt sem óvarðaðar, eru mikilvægur hluti af menningarsögu, en jafnframt hafa þær enn gildi sem göngu- og reiðleiðir fyrir ferðamenn nútímans. Nauðsynlegt er að skrá fornar leiðir, vörður og rudda vegi og gera áætlanir um viðhald á vörðum. Móta þarf stefnu um hvernig best er að halda við vörðuðum leiðum án þess að raska vörðum sem hafa minjagildi.

Vegna þess hvers eðlis svæðið er, þ.e. afréttarland, eru minjar á svæðinu nokkuð einsleitar. Er aðallega um að ræða gangnakofa (átta minjanna eru gangnakofar), leiðir og samgönguminjar ýmiskonar, en auk þess er á lónssvæðinu einn áður óþekktur minjastaður, svonefnt „Reykjasel“ (nú nefnt Pálsfóftir eftir finnanda rústanna Páli Pálssyni á Aðalbóli), en nánari rannsókn á honum er fyrirhuguð sumarið 2005.

Gangnakofum og öðrum hálendisminjum hefur fram til þessa lítill gaumur verið gefinn í fornleifafræðilegu eða menningarsögulegu tilliti. Helgi Hallgrímsson gerði reyndar allítarlega úttekt á gangnakofum á Fljótsdalsafréttum og birtist sú rannsókn í tveimur greinum í *Múlaþingi* árin 1998 og 1999. Í riti Braga Sigurjónssonar, *Göngur og réttir*, er einnig að finna nokkurn fróðleik um þennan minjaflokk, auk þess sem greinagóðar og fræðilegar lýsingar er gjarnan að finna í ferðabókum ýmiskonar. Að öðru leyti hefur lítið verið um þessar minjar fjallað á markvissan hátt. Upplýsingar um leiðir eru mjög víða og nær ómögulegt að gera tæmandi úttekt á þeim vegna þess hve víða menn minnast á samgöngur á milli staða. Verður þó að minnast hér á ritið *Hrakninga og heiðavegi* þar sem safnað var saman lýsingum á ferðum yfir hálendið ásamt ýmsum bindum af *Árbók Ferðafélagsins* þar sem höfundar hafa lagt mikinn metnað í að lýsa fornum leiðum. Ómetanlegt er starf áhugahóps um vörður og fjallvegi á Austurlandi sem hefur safnað saman ýmsum fróðleik um leiðir í fjórðungnum og teiknað þær inn á kort og gefið út í skýrsluformi: *Fornir fjallvegir á Austurlandi*. Einnig ber að nefna að héraðsrit, ævisögur og minningabækur ýmiskonar innihalda gjarnan frásagnir af hálendisferðum þar sem leynast dýrmætar upplýsingar um þær minjar sem hér um ræðir. Vegna þess hve umfangsmikill sá heimildaflokkur er verður hann þó aldrei fyllilega kembdur.

Síðustu ár hafa umfangsmiklar framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar gefið tilefni til rannsókna á þessum hálendisminjum og hefur nú í fyrsta sinn farið fram ítarleg skráning og uppmæling á þeim, auk þess sem takmarkaðir uppgreftir hafa verið gerðir á einstökum minjum. Á komandi sumri, 2005, er fyrirhugaður nákvæmur uppgröftur á tveimur fornum rústum á austurbakka Jöklu, Pálstóft (Reykjaseli), og verður fróðlegt að sjá niðurstöður hans. Þessar rannsóknir hafa mikla þýðingu fyrir komandi kynslóðir og munu e.t.v. ýta undir frekari rannsóknir á sambærilegum minjum annarsstaðar á landinu.

Þrátt fyrir að hálendið og hálendisminjar hafi fram til þessa orðið útundan í fræðilegri umfjöllun og rannsóknum leynist engum að í þessum minjaflokki er mikið menningarsögulegt gildi fólgið. Í þær er greypt saga Íslendinga og samspils þeirra við hrikalega náttúru. Með rannsóknum á þeim má meðal annars varpa ljósi á húsagerð, búskaparhætti, samgöngur og tækni fyrr á tímum, og síðast en ekki síst bera þær vott um aldalanga nýtingu landsins og hálendisins.

Rannsókn sú sem hér er fjallað um var unnin af Fornleifastofnun Íslands

fyrir Landsvirkjun. Þessi skýrsla var unnin af Þóru Pétursdóttur, sem rannsakaði gangnakofa, og Sædísi Gunnarsdóttur, sem skrifaði kaflann um leiðir. Skýrsluhöfundar vilja koma á framfæri þakklæti til heimildamanna og starfsmanna Héraðsskjalasafns Austurlands.



Mynd 1. Afstöðumynd af minjum á lónsstæði Hálslóns. (Myndagrunnur: Landsvirkjun/Loftmyndir ehf.)



Mynd 2. Sjónarhólskofi. (Myndagrunnur: Landsvirkjun/Loftmyndir ehf.)

Gangnakofar og samgönguminjar 2

Sjónarhólskofi, NM-167c:010 2.1

Í örnefnaskrá fyrir Múlaafrétt segir: „...í sunnanverðum Heiðarbug er Sjónarhólskofi (aflagður) á Sjónarhól. Skammt þar sunnar kemur kvísl í Kelduá, er heitir Folakvísl. Hún rennur alveg við kofann og kemur úr stöðuvatni þarna á söndunum, Folavatni.“ [2]

Í grein Helga Hallgrímssonar um gangnakofa er staðsetningu Sjónarhólskofa lýst svo:

> Sjónarhólskofi var innantil á Múlaafrétt, vestan Keldár, beint austur af Snæfelli, innst í Heiðarárbug (Heiðarbug)...Kofinn var á gróðurlítilli melöldu, er Sjónarhóll nefnist, um 1 km NV af þeim stað þar sem Folakvísl fellur í Keldá, en kvíslin kemur úr Folavatni, um 2 km SV kofans. Sunnan við kvíslina er Kofahraun, nokkuð áberandi klettahæð.[3]

Sverrir Þorsteinsson frá Klúku í Fljótsdal segir að Sjónarhólskofi hafi verið reistur af Baldvini Benediktssyni (f. 1855 og d. 1909[4]) frá Þorgerðarstöðum um aldamótin 1900, og nýttur af Múlamönnum.[5] Hið sama kemur fram í áðurnefndri grein Helga Hallgrímssonar, en þar er jafnframt haft eftir Níels Péturssyni að Baldvin hafi sjálfur kostað kofabygginguna, en ekki hreppurinn sem venja var. Helgi Hallgrímsson hefur hins vegar fundið reikning frá Baldvini vegna kostnaðar við byggingu gangnakofa á Múla í hreppsskjölum Fljótsdalshrepps frá árinu 1897. Líklegt verður að



Mynd 3. Sjónarhólskofi, horft til norðurs. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, BL.)



Mynd 4. Hundaskýli við Sjónarhólskofa, horft til austurs. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, BL.)

teljast að þar sé um Sjónarhólskofa að ræða og kofinn þá reistur það ár.[6]

Að sögn Sverris Þorsteinssonar var Sjónarhólskofi eftirleitakofi og nauðsynlegur sem slíkur. Stærð og staðsetning kofans miðaðist við þetta hlutverk hans, en hann stóð á melöldu norðan við Keldá, þar sem vel sást til hans og síður fennti að honum. Ólíkt flestum kofum var ekkert beitarland í kringum hann, en alltaf var farið gangandi í eftirleitir og það því ónauðsynlegt. Kofinn rúmaði fimm menn og lágu þeir á gólfinu, en rúmstæði voru yfirleitt ekki komin í kofana á þessum tíma. Sverrir fór fyrst í aðalgöngur 15 ára gamall [þ.e. 1932] en þá var Sjónarhólskofi fallinn í rústir.[7]

Þórhallur Björgvinsson frá Þorgerðarstöðum í Fljótsdal tekur undir frásögn Sverris Þorsteinssonar um byggingu kofans, en bætir þó nokkru við hana:

> „Hann var byggður af Baldvin Benediktssyni sem bjó á Þorgerðarstöðum. Hvenær veit ég ekki, en Baldvin dó um 1910. Kofinn var byggður fyrir eftirleitamenn, var eftirleitakofi. Hann var því minni en hefðbundnir gangnakofar. Hann var einnig niðurgrafinn og þrep niður í hann. Ekkert hesthús [enda farið gangandi en ekki ríðandi í eftirleitir] var þar en lítill hundakofi byggður við hann. Enginn skans fyrir prímus var í Sjónarhólskofa eins og var í Sauðakofa.“ [8]

Þórhallur kom fyrst að kofanum 1936 og var hann þá fallinn.

Þórhalli og Sverri ber ekki saman um hve mikil hætta Sjónarhólskofa stafi af virkjanaframkvæmdum. Þórhallur telur kofann lenda á kaf í Kelduárlóni en Sverrir telur hins vegar að hann muni sleppa.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1940 er að finna skrá yfir sæluhús á landinu. Þar segir um Sjónarhólskofa: „Á Austuröræfum, skammt fyrir vestan Kelduá við Folakíl, beint austur af Snæfelli. Rúmar 8-10 menn; hlaðinn úr torfi og grjóti; járnþak.“ [9]

Í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands, sem gerð var sumarið 2000, er rústinni lýst svo:

> Heillegur kofi, veggir að mestu uppistandandi, stærð um 5 x 2,5 m. Hlaðinn úr flötum hellum og var með torfþaki sem nú er horfið. Dyr við suðausturhorn, fast við þær liggur dyrahellan. Utan við dyrnar, gengt þeim, eru jarðfastir klettar sem mynda nánast „U“. Milli þeirra er einföld hleðsla, um 1 m há. Að sögn heimildamanns var þar lítill hundakofi. Sumarið 2000 var hirtur gamall og ryðgaður ljár sem hafði verið stungið inn milli steina í veggnum. Líklega hafa þeir sem þar gistu notað hann til að slá gróður til að liggja á í kofanum.[10]

„Rétt við syðri enda Kofaöldu er Sauðakofi og stendur við Sauðá," segir í örnefnalýsingu.[11] „Sauðárkofi er á norðurbakka Sauðár (eystri), þar sem hún fellur til suðvesturs niður í Hálsinn, sem liggur meðfram Jökulsá á Brú, beint vestur af Sauðahnjúkum." [12] Á kortum er kofinn stundum nefndur „Sauðakofi" en að sögn Sverris Þorsteinssonar frá Klúku er það rangt því að kofinn hafi alla tíð heitað Sauðárkofi.

Elsta heimild um Sauðárkofa er sóknarlýsing Þorvaldar Ásgeirssonar í Hofteigi frá árinu 1874. Þar segir: „Við Sauðá er sæluhús þeirra sem smala Vesturöræfi." [13]

Næst er kofinn nefndur í frásögn af fyrirburði Guðmundar Snorrasonar aðfaranótt hins 3. september árið 1884. Sagan birtist í *Eimreiðinni* 1945 eftir handriti Halldórs Stefánssonar, en hann styðst við frásögn Einars Eiríkssonar frá Eiríksstöðum. Frásögnin hljóðar svo:

> Sumarið 1884 barst Fljótsdælingum sú fregn frá Hrafnkelsdælingum, að öðrum fjallleitarkofa þeirra á Vesturöræfum, Sauðakofa svonefndum, lægi við falli, mæniásinn væri lamaður og viðbúið, að þekjan félli niður í tóttina.
>
> Hreppsnefndin í Fljótsdalshreppi hafði gert þá ráðstöfun, út af þessari fregn, að fá til Ólaf Vigfússon Frydendal, bónda í Klúku, að rétta kofann við, áður en fjallleitir hæfust um haustið.
>
> Á Aðalbóli í Hrafnkelsdal var þá til heimilis Guðmundur Snorrason, Snæfellsfari,...Ólafur í Klúku hafði gert Guðmundi orð um að liðsinna sér við kofaviðgerðina. Fylgdi það orðsendingunni, að Ólafur myndi koma til viðgerðarinnar að kvöldi 2. sept. um haustið og fara beinustu leið í kofann fyrir innan byggð í Hrafnkelsdal.
>
> Guðmundur hafði gert Ólafi orð í móti, að hann myndi mæta við Sauðakofa tilsettan dag. ...Að áliðnum degi, tilsettan dag, var Guðmundur kominn að Sauðakofa. Ólafur var þá ókominn, en Guðmundur vænti hans á hverri stundu. ...Kofinn var svo byggður, að mæniás lá á stöfnum og reft af hliðveggjum á hann, stoðir voru engar. Dyr kofans voru á öðrum hliðvegg, fast við kofastafninn annan. Ástand kofans var það, að mæniásinn var lam-



Mynd 5. Sauðakofi, leitarmannakofi sunnan í Kofaöldu. Horft til vesturs. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

aður í miðju og þekjan sliguð niður mjög, en þó ekki fallin í gólf. Hafði einhver, sem komið hafði að kofanum áður, komið fyrir styttu undir brotalömina. Mæniásendarnir héldust enn á stöfnum, svo að allrúmlegt var undir þekjuna við báða stafna.

Leið nú að rökkri svo að Ólafur kom ekki. ...lagðist hann [Guðmundur] til svefns og sofnaði brátt. ...Veit Guðmundur nú ekki af sér fyrr en hann hrekkur upp við það, að honum fannst vera tekið í fætur sér og honum kippt áleiðis til dyranna. ...Gefur hann þessu þó lítinn gaum, hyggur sig hafa bylt sér þetta til í svefninum, flytur sig upp á höfðalagið og sofnar aftur.

Í annað sinn vaknar Guðmundur með sama hætti, en var nú kominn sýnu lengra niður af höfðalaginu áleiðis til dyranna. Þótti honum þetta nú allkynlegt; kom helzt í hug, að Ólafur væri kominn og ylli þessu...Vakir hann nú um hríð til að bíða frekari átekta, ef svo vildi verða, eða hins, að Ólafur gefi sig fram. Þegar hann hefur vakað svo lengi, að honum þykir fyrir von komið, að þetta hafi verið af völdum Ólafs, hugði hann til náða og sofnar enn.

Í þriðja sinn vaknar Guðmundur við þetta sama...hann var þá allur kominn fram í dyratóttina og fæturnir út undir bert loft. ...Varð honum nú ekki svefnsamt það sem eftir var nætur, en fast varð honum hugsað til Ólafs.

Enga skýringu gat Guðmundur fundið í huga sínum á þessum fyrirburði. En síðar barst vitneskja um það, að þess vegna kom Ólafur í Klúku ekki til kofagerðarinnar, að þessa sömu nótt andaðist hann.[14]

Sverrir Þorsteinsson frá Klúku kannast við þessa frásögn, enda var Ólafur Vigfússon móðurafi hans. Sverrir telur hins vegar að atburðurinn hafi átt sér stað í Fitjakofa á Vesturöræfum því að Sauðárkofi hafi ekki verið til þegar þetta gerðist. Að sögn Sverris var Sauðárkofi reistur frá grunni árið 1901.[15] Hvort þetta er rétt hjá honum er erfitt að segja, en víst er þó að kofi var reistur við Sauðá á Vesturöræfum sumarið 1901. Í reikningum Fljótsdalshrepps má sjá að fjárhagsárið 1901-1902 er 103 krónum og 70 aurum varið til byggingar „Vesturöræfakofa“. [16]

Sverrir Þorsteinsson gisti sjálfur margoft í Sauðárkofa og lýsir honum svo:

Sauðárkofi er vestan við Sauðá. Það voru þeir Friðrik Stefánsson á Hóli og Hallgrímur Stefánsson á Glúmsstöðum sem byggðu kofann árið 1901. Hann var niðurgrafinn og farið inn um lúgu á þaki hans. Kofinn var lengi í notkun og rúmaði 11 menn. Legið var á gólfinu, á heyi ef mögulegt var. Í kofanum var ekkert eldstæði en notast við prímus. Við kofann var hesthús. Í kringum 1950 var byggður nýr kofi úr asbest og var þá bætt við gamla kofann og hann gerður að hesthúsi, sem rúmaði 8 hross. Gamla hesthúsið var einnig bætt og rúmuðust þá alls 18 hross í húsunum. [17]

Þórhallur Björgvinsson frá Þorgerðarstöðum hefur einnig margoft komið að Sauðárkofa:

„Þar eru fjórir kofar og tveir þeirra úr torfi og grjóti. Annar þeirra stendur enn, það er hesthús, en gamli kofinn er hruninn. Hann rúmaði um 10 manns ef þéttskipað var. Menn lágu á gólfinu en höfðu hey undir sér svo þeir lægju ekki á beru moldargólfinu. Á einum veggnum var einskonar skans eða skot og var prímusinn hafður þar. Kofinn var ekki niðurgrafinn.“ [18]

Haustið 1901 ferðaðist Daniel Bruun á Brúarjökul og gisti í Sauðárkofa, líklega fyrsti næturgesturinn í hinum nýja kofa. Hann segir svo frá ferðinni í dagbók sinni:

Hinn 1. ágúst 1901, er ég hafði lokið rannsóknum mínum í Hrafnkelsdal og Jökuldal fyrir ofan Brú, hélt ég áleiðis upp að jökulröndinni. Leitarmannakofa hafði verið komið upp við lítinn læk, sem fellur frá Þjófahnjúkum ofan í Jökulkvísl. Í dagbók minni segir svo:

Í torfkofa uppi undir jökli, langt frá mannabyggðum, sit ég á hermannabedda mínum...Fylgdarmaður minn, Anton frá Eskifirði, og hreinaveiðarinn Elías á Aðalbóli hafa lagzt til hvíldar hinum megin í kofanum. Á gólfið er breitt hey frá því í sumar, að kofinn var reistur, til þess að gangnamenn geti fengið þar gistingu, þegar þeir smala fé á haustin úr sumarhögunum. ...Úti þýtur stormurinn og rífur í kofaþakið, sem gert er úr hellum, lögðum á sperrur. Sums staðar eru hreindýrshorn í árefti...Utan við kofann eru hestarnir á beit með höft um framfæturna... [19]

Bruun hefur eftirfarandi upplýsingar eftir öðrum samferðamanna sinna, Elíasi frá Aðalbóli:

Fyrir 11 árum (1890), um sumarið, heyrðu menn niðri í dölunum háar drunur inn til jökulsins. Þetta var í júní- og júlímánuði. En í ágústmánuði fórum við upp að jökli til þess að huga að fé, og þá sáum við okkur til undrunar, að stór partur af heiðinni var hulinn jökli, sem hafði rótað upp jarðveginum og ýtt honum á undan sér. Jökulröndin var nú ekki nema svo sem 2 km frá kofanum, og allur hinn ágæti afréttur kominn undir ís. Áður hafði verið 2 ½ stundar reið frá kofanum upp að jökli, en nú var það ekki meira en stundarfjórðungs ferð. [20]

Samkvæmt þessum orðum virðist sem Sauðárkofi sé risinn árið 1890, en þó er einkennilegt að frásögninni skuli ekki fylgja að í hlaupinu hafi Fitjakofa tekið af. Síðan heldur Bruun sjálfur áfram:

Eftir hlaupið 1890 var nú komin kyrrð á jökulinn. Sprungurnar höfðu lokazt og jökuljaðarinn þokazt lítið eitt, um 200 m, aftur á bak. ...Við komum um kvöld að þessum kofa við eina upptakakvísl Jökulsár. Í stað hins fagra, heiðskíra veðurs voru komnar harðar skúrir, sem steyptust niður frá jöklinum og lömdu okkur í framan.

> Við vorum því fegnir að finna húsaskjól í hinum nýja kofa, þar sem allt var hreint og fágað, af því að hann hafði aldrei áður verið notaður.[21]

Ennfremur segir Bruun að um nóttina hafi þeir félagar hlaðið heypokum og hnökkum sínum fyrir kofadyrnar til skjóls, og gæti það e.t.v. gefið vísbendingar um napra vistina þar.[22]

Næst er Sauðárkofi líklega nefndur í frásögn Erlings Sveinssonar af því þegar vinnumaðurinn Bensi fer að sækja kindur á Kringilsárrana um hávetur árið 1915. Kemur þar fram að hann gisti í Sauðárkofa á Vesturöræfum. Engar frekari lýsingar eru á kofanum.[23]

Þann 23. september árið 1930 mun enn hafa átt sér stað dularfullur fyrirburður í Sauðárkofa, og er frásögnin höfð eftir Jóhönnu Kjerúlf, Rögnvaldi Erlingssyni og öðrum Fljótsdælingum.

> Þann dag „...fórst Sigfinnur Mikaelsson við heyflutninga á sjó í Seyðisfirði, og með honum þrjár yngstu dætur hans. Sigfinnur hafði áður verið á Aðalbóli og Brekku í Fljótsdal, og líklega oft farið í göngur á Vesturöræfum, og tekið lagið í Sauðárkofa í glöðum hóp, því hann hafði góða söngrödd, og var auk þess vel hagmæltur.
> Þennan sama dag eða nóttina eftir slysið í Seyðisfirði, gistu Fljótsdælingar í Sauðárkofa. Þegar þeir eru lagstir til svefns og steinhljótt í kofanum, sumir líklega sofnaðir, heyra einhverjir þeirra, að sunginn er sálmur, með bjartri og fagurri karlmannsrödd. Ekki höfðu gangnamenn þó orð á þessu fyrr en um morguninn. Þeir undruðust þetta að vonum, en þegar þeir komu til byggða fréttu þeir um slysið, og töldu þá víst að Sigfinnur hefði verið að þakka þeim fyrir samfylgdina.“ [24]

Í fyrrnefndri „skrá yfir sæluhús“ í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1940 segir um Sauðárkofa: „Er á Vesturöræfum, vestur af Snæfelli, norðan við Sauðá, um 3 km. frá stað þeim, þar sem hún fellur í Jökulsá á Brú. Rúmar um 12 menn; járnþak og hlaðnir veggir úr torfi og grjóti.“ [25]

Helgi Valtýsson fór, ásamt ferðafélögum, í nokkrar ferðir um hreindýraslóðir norðan Brúarjökuls um miðja síðustu öld. Í ferðalýsingu Helga frá öræfaleiðangri hans árið 1943 segir hann:

> Um hádegi búum við okkur í leit frá tjöldum inn Háls og ætlum alla leið inn að Sauðárkofa undir Snæfelli. En þar er gangamannakofi Fljótsdælinga og stendur á Sauðárbökkum, eystri, vestur af Snæfelli. ...Var þar ill aðkoma og erfið. Var óvandlega búið um útidyr, svo að fennt hafði inn og rignt á víxl, og síðan frosið. Hafði allt hlaupið í klaka, svo að hurð varð eigi hnikað frá stöfum og því síður opnuð...Þó komumst við að lokum í kofann - að krókaleiðum. Á efra stafni, ofan við vegglægju, var gluggi eða ljóri glerlaus, svo víður, að við gátum troðist þar í gegn með herkjum og harmkvælum...En ekki hefðum við farið með hesta þessa leið, þótt


þeir hefðu þurft húsaskjóls með![26]

Sá kofi sem reistur var við Sauðá sumarið 1901 var notaður, lítið breyttur, allt fram yfir miðja öldina, en haustið 1952 hefur hann verið gerður upp. Í frásögn af eftirleit á Vesturöræfum og í Kringilsárrana í nóvemberlok 1952 segir um Sauðárkofa:

> ...hann var þá nýlega upp gerður af torfi og grjóti, vel þéttur eins og síðar kom í ljós. Við hýstum hestinn, höfðum hann innst, en bjuggumst sjálfir um nær dyrum með hundunum, kveiktum á olíulampa sem var þarna, síðan á prímus, og hituðum okkur kaffi. Þegar fór að hitna inni tókum við eftir því, að ljósið dofnaði mjög á lampanum, og með því að það batnaði þegar kofadyrnar voru opnaðar, þóttumst við sjá að mjög vel hefði tekist að þétta kofann um haustið.[27]

Í grein Helga Hallgrímssonar um gangnakofa kemur fram að Sauðárkofi hafi verið endurbættur um 1950 (líklega 1952 miðað við tilvitnunina hér að ofan) og „...þá eða síðar verið stækkaður með viðbyggingu, sem myndar vínkil við aðalhúsið. Þessi viðbygging er með timburstöfnum, og eru dyr á suðurhlið hennar, sameiginlegar fyrir bæði húsin. Torfþakið járnþak er á báðum húsum, sem enn standa.“ Ennfremur kemur þar fram að milli áranna 1960 og 1970 hafi verið reistur asbestklæddur timburskáli vestan við gömlu kofana, og á sama tíma hafi eldri kofanum verið breytt í hesthús. Fjórði og síðasti skálinn í þyrpingunni var síðan byggður árið 1981, „...nýr og veglegur skáli, með kojum, klæddur með brúnum krossviði...“. Eftir það hafa elstu tveir kofarnir báðir verið nýttir sem hesthús.[28]

Sumarið 2004 gerði Fornleifastofnun Íslands rannsókn á Sauðárkofa. Hann var mældur upp, teiknaður og myndaður. Auk þess voru gerðir þrír könnunarskurðir, tveir inni í kofanum og einn utan hans.



Mynd 6. Uppmæling á Sauðárkofa, MN-167e:002. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, Lárus B. Guðmarsson)

2.3 Lindakofi, NM-167e:009

„Lindur nefnast heitar uppsprettur, sem koma fram á tveimur stöðum, yst í Hálsi á Vesturöræfum, stutt frá Jökulsá, skammt utan við Lindarlæk (ranglega nefndur Klapparlækur á kortum), sem kemur ofan af Búrfellsflóa (eða Búrfellsöldudragi). Ofan við Lindurnar er Hálsalda (700 m y.s), en þaðan sést vel yfir „Jökulsárdalinn“ og Kárahnjúka.“ [29]

Að sögn Sverris Þorsteinssonar frá Klúku var áður gangnakofi við Syðri-Lindur. Sjálfur kveðst hann aðeins hafa séð tóft kofans, en man eftir að hafa hitt menn sem höfðu gist í honum. Sverrir hefur enga nákvæma lýsingu heyrt á gerð kofans, nema þá að farið var inn í hann um op á þekjunni sem síðan var lögð hella yfir. Hann mun hafa verið þröngur og hlýr.[30] Uppblásna tóft kofans mátti sjá þarna í bakkabrúninni, og fyrst þegar Sverrir fór í göngur (1932) sást vel í veggpartinn sem var lengra uppi í bakkanum.[31] Aðrir hafa ekki kannast við kofatóft í Lindur, en Helgi Hallgrímsson segir þó einhverjar tættur vera þar, þótt nú séu þær uppblásnar og formlausar.[32]



Mynd 7. Lindur. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Páll Pálsson frá Aðalbóli kannast við frásögn Sverris af kofa í Lindur, en hefur hins vegar ekki séð kofatóft þar, né kannast hann við neinar heimildir um kofa þar. Hann fór í Lindur ásamt Sveinbirni Rafnssyni og fleirum árið 1978 og leitaði rústarinnar en fann hana ekki. Hins vegar sá hann í blásnu rofabarði grjóthleðslu sem stóð fram undan því og eina grjóthellu. Þetta líktist, að hans sögn, inngangi í byggingu. Páll kom þarna aftur síðar og var þá alveg blásið af grjótinu. Þá þótti honum augljóst að ekki væri um vegghleðslu eða byggingu að ræða, en aftur á móti greinilegt að grjótið var þangað komið af mannavöldum. Tilgangurinn var hins vegar óljós. Páll hefur heyrt talað um að menn hafi áður fyrr legið í tjöldum í stað kofa og telur vel hugsanlegt að Lindur hafi verið tjaldstaður, þótt enginn kofi hafi verið þar. Hann hefur hins vegar heyrt talað um rétt í Lindur, í gili nokkuð neðan við kofann sem nú er þar. Hann hefur þó engar hleðslur séð.[33]

Helgi Valtýsson fór um hreindýraslóðir á Vesturöræfum sumarið 1943 og segir eftirfarandi í ferðalýsingu sinni:

> Flutti Páll bóndi Vigfússon okkur vestur í Lindir, en þar er tjaldstaður ágætur á Vesturöræfum, skammt frá Jökulsá, gegnt Sauðafelli. ...Í Lindum er fagurt um að litast, og tjaldstæði gott. Þar er slétt og þurrlent, en þó skammt í vatn á alla vegu. Dálítil volg

> laug er örskammt frá tjaldinu, og rennur lækur úr henni niður í annan læk kaldan rétt hjá. Dregur staðurinn nafn af lindum þessum.[34]

Í lýsingu Helga segir ennfremur frá baðferð þeirra félaga í Lindur. Að ráði kunnugra manna stífluðu þeir þá laugalækinn þannig að lindaraugað fylltist volgu vatni. Mun það hafa verið siður heimamanna er þeir dvöldust í Lindur.[35]

Nú er í Lindur, við syðra laugasvæðið, timburskáli sem Orkustofnun flutti þangað til skjóls fyrir hreindýraeftirlitsmenn og aðra.[36]

Lindur voru ekki skráðar í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands vegna umhverfismats árið 2000.

Fitjakofi 2.4

Áður fyrr, á 19. öld, mun hafa verið kofi á svonefndum Fitjum fyrir sunnan Sauðá á Vesturöræfum. Ekki er vitað nákvæmlega hvar kofinn var, en að því er Sverrir Þorsteinsson frá Klúku í Fljótsdal segir mun hann hafa verið á „Fitjahorninu“, sem Helgi Hallgrímsson telur líklegt að sé í suðvestur af Sauðahnjúkum.[37]

Brúarjökull hefur haft þann háttinn á um alllangt skeið að hlaupa reglulega fram á afréttina um nokkra kílómetra, en í slíku framhlaupi árið 1890 mun hann hafa gengið yfir Fitjakofa og eyðilagt hann. Að sögn Sverris Þorsteinssonar varð þó partur af tóft kofans eftir, og kveðst hann sjálfur hafa séð þar veggjabrot úr honum.[38] Páll Pálsson frá Aðalbóli hefur leitað tóftarinnar án árangurs og telur hæpið að nokkuð hafi orðið eftir af kofanum.[39]

Í formála að samtímafrásögn Þorvarðar Kjerúlfs læknis af jökulhlaupinu 1890, segir Halldór Stefánsson:[40]

> Veturinn eða vorið 1890 hljóp Brúarjökull fram yfir öræfin á öllu svæðinu milli Jökulsánna í Fljótsdal og Jökuldal (vestustu kvísl). ...mundi jökullinn hafa verið á mjög líkum mörkum og 80 árum fyrr (1810). ...Jökullinn hljóp langt fram yfir Fitjakofa á Vesturöræfum og nær út að Sauðárkofa. (Hefur tekið af nær dagsgöngu fyrir gangnamenn.)

Þorvarður Kjerúlf minnist hins vegar ekki á Fitjakofa í frásögn sinni af hlaupinu, enda mun hann aðeins hafa séð yfir hamfarasvæðið frá Brúaröræfum. Orð Halldórs Stefánssonar eru eina beina heimildin um Fitjakofa, þ.e. þar sem hann er beinlínis nefndur á nafn.

Um svonefnda „Hrauka“ (þ.e. jökulruðninga) sem liggja þvert yfir Kringilsárrana segir Pálmi Hannesson:

> Árið 1890 varð mikið umrót í jöklinum uppi hér, og má ætla, að það hafi stafað af eldsumbrotum, því að jarðskjálftar fundust niður í byggðina, og jafnvel þóttust menn sjá eld inn til jökulsins.

> Jökulsá var geysimikil um sumarið. En er komið var á vettvang, gat að líta verksummerkin. Jökullinn hafði gengið langt fram á ranann ... Auðsætt er, að Hraukarnir hafi orðið til við þennan jökulgang ...[41]

Dr. E. M. Todtmann fór um miðja síðustu öld um öræfin norðan Brúarjökuls í þeim tilgangi að kanna ummerki eftir framhlaup jökulsins 1890-1955. Miðað við kortlagningu hennar er að sjá sem Brúarjökull hafi gengið alveg að eða fram yfir Sauðá á Vesturöræfum í hlaupinu 1890. Sé það rétt verður að teljast ólíklegt annað en Fitjakofi hafi horfið með öllu í þeim hamförum.[42] Þó skal taka fram að uppdráttur Todtmann er að einhverju leyti rangur og því óvíst hvort mælingar hennar eru yfir höfuð marktækar. Samkvæmt munnmælum, sem Þórhallur Björgvinsson frá Þorgerðarstöðum hefur heyrt, náði þó jökulröndin í hlaupinu 1890 alla leið að svonefndu Þurragili, en það er skammt sunnan við Sauðá.[43]

Árin 1890 til 1891 var, að sögn Sverris Þorsteinssonar, kofalaust á Vesturöræfum, eftir að Fitjakofa tók af, og lágu „Vesturöræfingar“ þá í tjöldum undir Fitjahnjúk.[44] Eins og kom fram í kaflanum um Sauðárkofa (Sauðakofa) hér að framan leikur reyndar nokkur vafi á því hvort Fitjakofi hafi verið eini kofinn á Vesturöræfum fyrir jökulhlaupið eða hvort Sauðárkofi hafi verið risinn. Helgi Hallgrímsson hefur það fyrir satt í grein sinni um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum að kofarnir hafi verið tveir, Fitjakofi og Sauðárkofi. Sverrir Þorsteinsson heldur því hins vegar fram að Sauðárkofi hafi verið reistur frá grunni árið 1901. Frásögn hans er þó nokkuð ruglingsleg, þar sem hann telur að kofalaust hafi aðeins verið árin 1890-91, en jafnframt að Sauðárkofi sé reistur áratug síðar.

Í sóknarlýsingu Hofteigsprestakalls frá árinu 1874 segir Þorvaldur Ásgeirsson: „Við Sauðá er sæluhús þeirra sem smala Vesturöræfi. Nokkru innar er Jökulkvísl sem kemur sunnan úr jöklinum og fellur í Jökulsá. Landið milli þeirra er kallað Fit en milli Jökulkvíslar og jökuls er hraun sem nefnist Vesturöræfahraun, þar er nokkurt graslendi en eigi hefur það verið notað til upprekstrar.“ [45] Af orðum Þorvaldar er ekki annað að skilja en aðeins hafi verið einn kofi á Vesturöræfum. Þar sem kofinn er sagður við Sauðá er líklegt að hér sé átt við Sauðárkofa og telur Helgi Hallgrímsson svo vera. Hins vegar vitnar Helgi í fyrrnefndri grein sinni í frásögn sem birtist í *Grímu hinni nýju*. Þar segir af Eiríki nokkrum Þorsteinssyni frá Brú á Jökuldal, er varð úti eftir að hafa orðið viðskila við félaga sína í eftirleit á Vesturöræfum árið 1863. Helgi greinir svo frá þessu:

> Það var um veturnætur að fjórir Jökuldælingar fóru í eftirleit „inn í Hraun á Vesturöræfum. Höfðu þeir frétt að kindur myndu vera innan við sauðakofann þar.“ Þeir gistu fyrstu nóttina í „sauðakofanum“, en um morguninn skiptu þeir liði og átti Eiríkur að ganga lengst inn á öræfin. Þennan dag gekk í norðaustan byl, en allir komust þeir í kofann, nema Eiríkur. Hann kom ekki fram eftir þetta og fannst ekki þótt leitað væri. ...Í fréttaklausu í Austra, 3.-4. tbl. 1864 er þessa atburðar getið, og sagt að Eiríkur hafi gengið fyrir innan Jökulkvísl. Hafi menn séð skíðaslóð hans að kvíslinni

en ekki frá, og ályktað að hann hefði farist þar. Er því líklegast að þeir félagar hafi gist í Fitjakofa, sem hefur verið nálægt kvíslinni, og líklega ætlaður til eftirleita einkum.[46]

Ef það er rétt hjá Helga að mennirnir hafi gist í Fitjakofa haustið 1863, verður að teljast einkennilegt að Þorvaldur Ásgeirsson nefni hann ekki í sóknarlýsingu sinni 1874. Hugsanlegt er að kofinn sem Þorvaldur nefnir sé Fitjakofi, og hann hafi verið fyrir sunnan Sauðá, en norðar á „Fitjunum“ en almennt er talið. Þar sem talað er um Sauðá er þó e.t.v. auðveldara að ímynda sér að Þorvaldur eigi við Sauðárkofa.

Samkvæmt frásögninni af fyrirburði Guðmundar Snorrasonar í Sauðárkofa árið 1884 (frásögnin er rakin í kaflanum um Sauðárkofa hér að framan) eru kofarnir orðnir tveir á Vesturöræfum (þótt Sverrir Þorsteinsson sé þeirrar skoðunar að atburðurinn eigi sér stað í Fitjakofa þar sem Sauðárkofi sé þá ekki til).

Um gerð Fitjakofa er ekkert vitað með vissu. Hugsanlegt er að hann hafi verið ætlaður til notkunar í eftirleitum frekar en fyrstu göngum. Ef svo er myndi það e.t.v. skýra að einhverju leyti frásögn Sverris Þorsteinssonar um kofaleysi á Vesturöræfum, þ.e. að í eftirleitum hafi verið kofalaust og menn hafi þá legið í tjöldum undir Fitjahnjúk, sem er talsvert fyrir suðaustan Sauðá. Sjálfur telur Sverrir Þorsteinsson hins vegar líklegt að Fitjakofi hafi tekið tíu manns, þar sem sjaldan voru færri menn sendir í smölun á Vesturöræfum. Sé það rétt var ekki um eftirleitakofa að ræða, því að þeir voru yfirleitt mun minni en svo. Sverrir þekkti marga menn, sem höfðu gist í Fitjakofa, en hefur ekki heyrt góða lýsingu á honum. Hann telur þó að gengið hafi verið inn um op á þekjunni, sem ekki var óalgengt með elstu gangnakofana.[47]

Fitjakofi var ekki skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands vegna umhverfismats sumarið 2000.

Pálstóftir (Reykjasel), NM-167e:008 2.5

Haustið 2003 fann Páll Pálsson frá Aðalbóli fornlegar rústir skammt frá framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka. Höfðu þessar rústir ekki fundist við fornleifaskráningu vegna umhverfismats sumarið 2000. „Rústirnar eru skammt austan Jökulsár á Brú, svo til beint á móti Sauðá. Þær eru í u.þ.b. 580 m hæð, innan þess svæðis sem fer undir vatn Hálslóns.“ [48]

Eins og segir í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins eru engar öruggar heimildir þekktar um mannvist á þessum slóðum, en Páll Pálsson hefur varpað fram þeirri hugmynd að þarna sé fundið Reykjasel úr Hrafnkelssögu. Í sögunni segir frá því þegar Einar, sonur Þorbjarnar á Hóli, ríður frá Grjótteigsseli í Reykjasel: „...ríðr upp hjá Grjótárgili, svá upp til jökla ok vestr með jöklinum, þar sem Jökulsá fellr undir þeim, svá ofan með ánni til Reykjasels.“ [49] Þar að auki munu „ýmis örnefni og heimildir um jarðhita styðja það ... að Reykjasel hafi verið á þessum slóðum.“ [50]

Árið 1873 barst Þjóðminjasafninu gripur, snældusnúður (Þjms. 979), frá

Þorvarði Kjerúlf sem síðar varð héraðslæknir eystra. Með sendingunni fylgdu þau skilaboð að gripurinn „...hefði fundist í rústum, þar sem Hrafnkels saga Freysgoða kalli Reykjasel.“ Nánari lýsing á staðháttum var ekki gefin og því ómögulegt að vita við hvaða stað var átt. [51]

Sumarið 1901 fór Daniel Bruun með eystri bakka Jökulsár á Brú og rannsakaði dys konu á stað þar við ána sem nefndur var „Reykjasel“. Um staðinn segir Bruun:

> Austan megin árinnar [Jökulsár á Brú], fjórðúngi eða helmingi úr mílu innar í dalnum, en gegnt Brú, var mér bent á örnefnið Reykjasel, sem kunnugt er af Hrafnkelssögu. Þar er landið nú mjög uppblásið og hvergi markar fyrir tóttum, en þar allnærri hefir þó verið bygð einhvern tíma í fyrndinni, því að þar höfðu fundist mannsbein nokkur, glertölur og nisti með írsku lagi. [52]

Árið 1918 fannst á þessum sama stað önnur heiðin gröf, að þessu sinni karlmannsgröf, um 70 föðmum norðan við þá sem Daniel Bruun skoðaði 1901. Er staðurinn þá enn nefndur „Reykja-sel“. Síðan hafa margir leitað bæjarrústa í nágrenni þessara grafa en engin ummerki um mannabyggð hafa enn fundist þar. Sá staður sem hér er nefndur Reykjasel og grafirnar fundust á er vestan undir Hitahnjúk (í Vaðbrekkuhálsi), niðri við Jökulsá.[53] Í *Safni til sögu Íslands* segir að örnefnið „Reykjasel“ sé enn þekkt, austan við Jöklu á móts við Reykjará, og er það sá staður sem grafirnar fundust á. [54] Það er hins vegar allt annar staður en þar sem Páll Pálsson fann rústirnar er hann telur geta verið Reykjasel.



Mynd 8. Pálstóftir, Reykjasel, vorið 2004. Horft til norðvesturs. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)


Dagana 7.- 8. ágúst 2004 unnu Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson að forkönnun á rústunum, fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins. Í skýrslu þeirra um rannsóknina er rústunum lýst svo:

> Rústirnar liggja á sléttlendi sem hallar örlítið í átt að gljúfri Jökulsár á Dal [í vestur]. Umhverfis og yfir rústunum liggur lágvaxinn gróður, mosi, lyng o.fl. Um er að ræða tvær rústir. Önnur (rúst 1) liggur því sem næst N-S en hin (rúst 2) þvert á hana, nokkrum metrum norðaustar. Útlit beggja rústanna er ógreinilegt enda rísa þær mest einungis 10-20 cm upp úr umhverfinu. Umfang beggja rústanna er svipað um 13x8 m á yfirborði. Rústirnar voru mældar með málbandi og teiknaðar upp.

Rúst 1. Syðri endi þessarar rústar er nokkuð greinilegur, raunar skýrasti hluti rústanna. Um 5 metrum frá endanum verða skil í rústinni sem geta bent til að rústin sé tvískipt eða að jafnvel sé um tvær samliggjandi rústir að ræða. Ytri brún norðurendans er einnig greinanleg en þar er hins vegar mjög erfitt að greina innri brún veggja. Í miðri rústinni er óregluleg lægð. Ekki verður séð hvar dyr hafa verið á rústinni. Vestur af rústinni nærri norðurenda hennar er eins og jarðvegur liggi utan á henni sem sléttist út til vesturs. Líklega er þetta hluti rústarinnar.

Rúst 2. Þessi rúst er svipuð að umfangi og hin eins og áður segir en öll miklu ógreinilegri. Birtist í raun sem örlítill hóll með lægð í miðju. Engar dyr eru sýnilegar. Milli rústanna er upphækkun í landinu sem virðist tengja þær saman.[55]


Forkönnunin fólst í því að grafa könnunarskurð í suðurenda rústar 1, í vegg rústarinnar auk lítils svæðis innan hans. Skurðurinn var 1 x 0,7 m að stærð og náði 120 cm niður á óhreyfðan jarðveg. Í sniðinu kom í ljós torfveggur um 50 cm undir yfirborði. Þunnt gólflag kom síðan í ljós á rúmlega eins metra dýpi og í því fundust þrír munir: Sporöskjulaga járnþynna, jaspismoli og bein. Þrjú gjóskusýni voru tekin úr sniðinu til frekari rannsóknar og leiddi hún í ljós að gjóska úr Veiðivatnagosi 1477, gosi í Öræfajökli 1362 og Kötlugosi 1262 liggur yfir mannvistarlögunum. Auk þess telur Magnús Á. Sigur-geirsson hugsanlegt að gjóskulag úr Heklugosi 1158 liggi yfir rúst-unum, en frekari rannsókn og sýna-töku þarf til þess að skera úr um það. Rannsóknin gaf engar vísbendingar um hlutverk rústanna,[56] en fyrirhugaður uppgröftur á rúst-unum sumarið 2005 mun að öllum líkindum varpa ljósi á það.[57]



Mynd 9. Pálstóftir, Reykjasel. Uppdráttur af rústunum vorið 2004. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Sauðárkofi eldri, aðhald NM-122b:023 og veggjarbrot NM-122b:024 á Réttartorfu í Sauðárdal 2.6

Páll Pálsson frá Aðalbóli hefur eftir Sigfúsi Sigvarðssyni frá Brú að kofi hafi verið á svokallaðri Réttartorfu, vestan Sauðár í Sauðárdal. Ummerki um kofann hefur hann ekki fundið og engar ritheimildir eru þekktar um kofabyggingar á Réttartorfu. Þegar starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands rannsökuðu rústir Sauðárkofa yngri sumarið 2004 fundu þeir hins vegar leifar annarra mannvirkja á Réttartorfu, annars vegar rétt eða aðhald og hins vegar garð-



Mynd 10. Aðhald í Sauðárdal. Horft til suðausturs. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

hleðslu eða veggjarbrot.

Í frásögn af hreindýraveiðum á öræfum sumarið 1945 segir Þorsteinn Jónsson stuttlega frá réttinni: „Við Sauðá [á Brúardölum] er gangakofi og fjárrétt. Þennan kofa nota Jökuldælir í fjárleitum haust og vor, og á vorin nota þeir réttina til að safna í hana fé sem lengra er komið suður á öræfin, taka þar af því ull og marka lömb. Þessa rétt, sem hlaðin er úr torfi og tekur manni nær því í öxl, ætluðum við að nota til að ná þar einum okkar stygga hesti...“ [58]

Fornleifastofnun rannsakaði réttina og veggjabrotið sumarið 2004 þannig að báðar minjar voru mældar upp, teiknaðar og myndaðar. Auk þess var grafið í nyrðri vegg réttarinnar og norðurenda veggjabrotsins. Bæði snið voru teiknuð upp og mynduð.[59] Niðurstöður rannsóknarinnar verða fljótlega birtar í skýrslu.

2.7 Sauðárkofi yngri NM-122b:009

„Suður við Sauðá er leitarmannakofi, sem nefndur er Sauðárkofi, þar rétt neðar er foss í Sauðá, Sauðárfoss,“ segir í örnefnalýsingu.[60]

Í lýsingu Hofteigssóknar frá 1840 segir Sigfús Finnsson: „Sauðá er sjaldan reið, og brúka menn drátt yfir hana þar grasskikar eru á dölunum, á hvorja Inndalsbændur skipta geldfé sínu um sumar.“ [61] Kofa nefnir Sigfús ekki, en það útilokar þó ekki að hann hafi verið þar.

Í frásögn Erlings Sveinssonar af „Þrekraun Bensa“ árið 1915 segir eftirfarandi:

> Kringilsá var, áður en Brúarjökull skreið fram [1890], mikið vatnsfall, svipað því sem vera mun nú. En á þessum árum [1915] var hún ekki nema lítil kvíslarspræna þótt korguð væri af jökulaur. Nokkru vestar en Kringilsá er á Brúaröræfum Sauðá ... Nú kom mest af því vatni, sem áður féll til Kringilsár undan Brúarjökli, fram í farvegi hennar ... Sauðá kemur í Jökulsá nokkru utar en Kringilsá. Er svæðið á milli þeirra nefnt Sauðafell ... Sauðafell og Kringilsárrani tilheyra Brúardölum og eru smöluð að haustinu um leið og þeir eru gengnir. En vegna þess hve Sauðá var á þessum árum mikil torfæra, svo að kindavon var þar sáralítil, var aldrei farið þangað oftar en einu sinni á ári hverju. Og nokkrum sinnum leið svo ár og ár að aldrei var þangað farið.[62]

Af þessum orðum má hugsa sér að eftir vatnaskiptin í ánum í kjölfar jökulhlaupsins 1890 hafi gangnakofinn í Sauðárdal lítið verið notaður, og smám saman farið í niðurníðslu.

Pálmi Hannesson fór um Brúaröræfi árið 1933, og segir í ferðalýsingu sinni: „Gróður er allmikill í dalnum [Sauðárdal] og hagar góðir, mýrar með tjörnum, en efst er blásin flá. Þar er leitarmannakofi.“ [63]

Í „skrá yfir sæluhús“ í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1940 er kofinn nefndur „Sauðárdalskofi“ og segir um hann: „Er í Sauðárdal, sem er áframhald Laugarvalladals. Hann er austanvert í flá, rétt þar sem vötn skilur niður í Laugarvalladal og í Sauðá, og er nokkurra mínútna gangur frá kofanum að Sauðá, þar sem hún fellur í gljúfrum út í Jökulsá á Brú. Rúmar 6 menn; veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti; moldargólf og járnþak.“ [64]

Í ferðasögu Helga Valtýssonar frá leiðangri um hreindýraslóðir norðan Vatnajökuls haustið 1943 segir: „Um kvöldið náðum við að gangnamannakofa í ofanverðum Sauðárdal...Hugðum við að gista í kofa þessum til þess að þurfa eigi að taka upp tjöld og tjalda í rigningu. En er til kom, var eigi kofinn þesslegur, að þar væri gisting tiltækileg. Engar voru á honum dyr né gluggi, aðeins ljóri opinn á stafni til að skríða um.“ [65]

Í frásögn af hreindýraveiðum á öræfum sumarið 1945 segir Þorsteinn Jónsson: „Við Sauðá [á Brúardölum] er gangnakofi og fjárrétt. Þennan kofa nota Jökuldælir í fjárleitum haust og vor, og á vorin nota þeir réttina til að safna í hana fé sem lengra er komið suður á öræfin, taka þar af því ull og marka lömb. Þessa rétt, sem hlaðin er úr torfi og tekur manni nær því í öxl, ætluðum við að nota til að ná þar einum okkar stygga hesti...“ [66]

Sigurjón Guðmundsson frá Eiríksstöðum á Jökuldal man fyrst eftir Sauðárkofa 1945-6, en þá var hann enn uppistandandi: „Það var hins vegar aldrei gist í honum í minni tíð. Kofinn rúmaði um fjóra menn, en í honum voru engin upphækkuð rúm og lágu menn á gólfinu. Kofinn var aðallega úr torfi, en lítið grjót var í honum. Hann var niðurgrafinn og þrep niður í hann, en það var hlýrra. Hann stóð á blautu graslendi rétt við ána. Umhverfis hann var mjög vott og mun það m.a. hafa valdið því að kofinn seig saman. Þetta hlýtur að hafa verið fremur vondur staður fyrir kofa því vont var að komast að honum vegna bleytu.“ [67]

Af ofangreindu verður ekki ráðið hvenær kofinn er byggður, en svo virðist sem hann hafi verið kominn úr notkun, í það minnsta orðinn lélegur, 1943 þegar Helgi Valtýsson skoðaði hann.

Fornleifastofnun Íslands rannsakaði rústir kofans sumarið 2004. Upphaflega var hugmyndin sú að gera einungis einn könnunarskurð þvert í gegnum rústina, en síðan þótti ljóst að með því fengjust ekki nægjanlegar upplýsingar. Var því torfi flett af rústinni allri og hún síðan fullgrafin í heild sinni.[68]



Mynd 11. Sauðárkofi NM-122b:009. Horft til suðurs, Sauðárdalur til hægri, Sauðafell til vinstri. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

2.8 Kofi í Sauðafelli

Sauðafell heitir fell vestan Jökulsár á Brú sunnan við Tröllagil og gegnt Lindur. Páll Pálsson hefur það eftir Sigfúsi Sigvarðssyni á Brú að kofi hafi fyrrum verið í Sauðafellinu. Hann mun hafa verið austan undan háfellinu og sáust ummerki hans í tíð Sigfúsar. Páll hefur leitað kofarústarinnar en ekki fundið nein örugg ummerki um hana. Á tveimur stöðum eru hins vegar grunsamlegar dældir eða kvosir sem má vera að séu leifar einhverra mannvirkja.

Í frásögn Erlings Sveinssonar af „Þrekraun Bensa“ árið 1915 segir eftirfarandi:

> Sauðá kemur í Jökulsá nokkru utar en Kringilsá. Er svæðið á milli þeirra nefnt Sauðafell ... Sauðafell og Kringilsárrani tilheyra Brúardölum og eru smöluð að haustinu um leið og þeir eru gengnir. En vegna þess hve Sauðá var á þessum árum [um 1915] mikil torfæra, svo að kindavon var þar sáralítil, var aldrei farið þangað oftar en einu sinni á ári hverju. Og nokkrum sinnum leið svo ár og ár að aldrei var þangað farið.[69]

Sauðafellskofi var ekki skráður í fornleifaskráningu vegna umhverfismats sumarið 2000. Rannsókn á þessu svæði er hins vegar nauðsynleg áður en svæðið lendir undir vatnsborði Hálslóns.

2.9 Kofarúst á Kringilsárrana



Mynd 12. Kofarúst á Kringilsárrana. Horft til norðausturs í átt að Töfrafossi. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá 1840 minnist Sigfús Finnsson ekki á kofa í Kringilsárrana, né heldur í lýsingu Hofteigsprestakalls frá 1874. Þar segir þó: „Milli Hringgilsár og Jökulsár er stórt þríhyrnt graslendi sem heitir Hringgilsárrani, þar hafa Efradalsmenn upprekstur fyrir lömb sín sem dregin eru á drætti yfir Hringgilsá, haust og vor, því að hún er bæði vatnsmikil og ströng.“[70] Ekki er ólíklegt að kofi hafi verið risinn og brúkaður þá.

Í lýsingu á ferð sinni um Austurland árið 1882 segir Þorvaldur Thoroddsen frá kláfnum

á Kringilsá og jafnframt að hann sé notaður af leitarmönnum. Kofa nefnir hann hins vegar ekki.[71]

Í ferðalýsingu Pálma Hannessonar frá öræfaferð 1933 segir: „Er við komum frá jöklinum, fórum við niður um ranann allt út í sporð. Gljúfur er að Kringilsá alldjúpt með grágrýtishömrum efst, en móbergi niður þaðan. Foss allmikill er efst í gljúfrinu. Upp frá honum fundum við tættur af leitarmannakofa. Annað bar þar ekki til tíðinda.“ [72]

Sigfús Sigvarðsson frá Brú gat þess í samtali við Pál Pálsson árið 1987 að kofi hefði verið á Kringilsárrana skammt frá fossinum. Páll „endurfann“ rústina síðan árið 2002. Hann lýsir staðháttum svo: „Er hún [tóftin] sunnan við Kringilsá á eystri bakka grófar stutt upp frá Töfrafossi, þar sem bugur er á lækjargrófinni. Tóttin er mjög saman sigin, um 180 cm á lengd og nær 150 cm á breidd að innanmáli. Líklega um rúmt fet á dýpt. Fjalarstúfur lá niðri í tóttinni og rétt hjá lá mjó hella. Tveir steinar voru í norðurstafni og einn var hjá hellunni mjóu. Annað grjót var ekki sjáanlegt við fljótlega skoðun.“ [73] Páll telur óyggjandi að um kofarúst sé að ræða, og segir henni svipa mjög til kofarústanna á Fagradal og Álftadal. Kofinn hefur verið niðurgrafinn, en þó eitthvað upphlaðinn. Hann hefur rúmað tvo menn, eins og kofarnir á Fagradal og Álft-ardal, en ekki þurfti fleiri menn til að smala „Ranann“. Efri-Jökuldælingar munu hafa nýtt Kringilsárrana og rekið þangað fé „allt frá ómunatíð“, en hann hefur lítið verið notaður eftir 1875. Þá lagði Öskjugosið Efri-Jökuldal að miklu leyti í eyði um tíma og eftir það var hætt að reka á Kringilsárrana.[74]

Engar frekari heimildir fundust um kofa á Kringilsárrana. Rústin fannst ekki við skráningu Fornleifastofnunar Íslands vegna umhverfismats sumarið 2000.

Kláfar við Sauðá NM-122b:016 og NM-122b:022 2.10

Í lýsingu Hofteigssóknar frá 1840 segir: „Sauðá er sjaldan reið, og brúka menn drátt yfir hana þar grasskikar eru á dölunum, á hvorja Inndalsbændur skipta geldfé sínu um sumar.“ [75]

Í örnefnalýsingu segir: „Nokkuð neðan við fossinn er steinbogi yfir...Þá eru stöplar eftir kláfdrátt skammt neðan við fossinn. Hefur verið dráttur á ánni áður fyrr.“ [76]

Í bók sinni *Á hreindýraslóðum* vitnar Helgi Valtýsson í orð Sigvarðar Péturssonar fyrrum bónda á Brú á Efra-Jökuldal: „Sauðá hafði verið allvatnsmikil síðan 1890 fram til 1934, en Kringilsá aftur á móti lítil um sama



Mynd 12. Kláfstæðin tvö við Sauðá í Sauðárdal. Horft til suðvesturs. (Mynd Fornleifa-stofnun Íslands, GG.)



Mynd 13. Eystra kláfstæðið við Sauðá í Sauðárdal. Horft yfir kláfstæðið norðan ár til suðurs yfir að kláfstæðinu sunnan árinnar. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

árabil. Ekki hefir þó kláfur verið í notkun á Sauðá í tíð Sigvarðar bónda, og ekki man hann eftir kláf á Kringilsá, en kveðst þó hafa séð þar kaðlaslitur 1906.“ [77] Sigvarður var frá Gauksstöðum, fæddur 1884, og bjó á Brú árin 1926 til 1953.[78]

Í ritinu *Geymdar stundir* er að finna frásögn Erlings Sveinssonar „Þrekraun Bensa“, en þar kemur hið sama fram og í orðum Sigvarðar Péturssonar:

> Kringilsá var, áður en Brúarjökull skreið fram, mikið vatnsfall, svipað því sem vera mun nú. En á þessum árum [1915] var hún ekki nema lítil kvíslarspræna þótt korguð væri af jökulaur. Nokkru vestar en Kringilsá er á Brúaröræfum Sauðá ... Nú kom mest af því vatni, sem áður féll til Kringilsár undan Brúarjökli, fram í farvegi hennar ... Sauðá kemur í Jökulsá nokkru utar en Kringilsá. Er svæðið á milli þeirra nefnt Sauðafell ... Sauðafell og Kringilsárrani tilheyra Brúardölum og eru smöluð að haustinu um leið og þeir eru gengnir. En vegna þess hve Sauðá var á þessum árum mikil torfæra, svo að kindavon var þar sáralítil, var aldrei farið þangað oftar en einu sinni á ári hverju. Og nokkrum sinnum leið svo ár og ár að aldrei var þangað farið.[79]

Í ferðalýsingu Pálma Hannessonar frá 1933 segir einnig frá kláfstæði við Sauðá: „ ... fellur Sauðá í gljúfri ofan í dalinn að Jökulsá. Foss er efst í gljúfrinu, en síðan aðrir minni neðar, og fellur áin í hvítum streng á milli þeirra. ... Stöplar tveir standa á klettanefjum sinn hvorum megin gljúfursins, skammt niður frá fossinum, og hefur verið þar kláfdráttur áður fyrr.“ [80]



Mynd 14. Vestara kláfstæðið við Sauðá í Sauðárdal. Horft yfir kláfstæðið sunnan ár til norðurs yfir að kláfstæðinu norðan árinnar. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Sigurjón Guðmundsson frá Eiríksstöðum á Jökuldal hefur séð kláfstæðið við Sauðá. Kláfurinn hefur hins vegar ekki verið notaður í hans tíð.[81]

Sverrir Þorsteinsson frá Klúku í Fljótsdal segir kláfana á Sauðá og Kringilsá vera smíðaða af Andrési Kjerúlf á Melum í Fljótsdal. Hann mun hafa komið kláfunum upp til þess að koma lömbum yfir árnar, löngu fyrir aldamótin 1900. Sverrir

veit ekki hversu lengi kláfarnir voru í notkun en hampkaðlana úr þeim mátti sjá á báðum stöðum í hans tíð.[82] Andrés Kjerúlf var fæddur á Melum 1847, en stjórnaði þar sjálfur búi á árunum 1879 til 1904.[83] Hann mun því a.m.k. ekki hafa komið upp þeim kláf sem nefndur er í sóknarlýsingu Sigfúsar Finnssonar 1840.

Páll Pálsson telur ekki rétt hjá Sverri að Andrés Kjerúlf hafi komið kláfunum upp, þótt hann hafi notað þá við að flytja lömb yfir árnar. Páll hefur hins vegar heyrt munnmæli um að tveir kláfar hafi verið á Sauðá, og báðir í notkun á sama tíma. Munnmælin segja að efri kláfnum hafi hallað suður yfir ána en þeim neðri norður yfir og þannig hafi ekki þurft að draga hann heldur hafi hann runnið sjálfur. Páll hefur kannað bæði kláfstæðin og segir þeim einmitt halla á þann hátt sem munnmælin greini.[84]

Við fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands sumarið 2000 voru bæði kláfstæðin skoðuð. Í skýrslu skráningarinnar segir um eystra kláfstæðið:

> Slóði liggur um 50-60 m sunnan kláfsins. Grjóthrúgöld eru sitt hvoru megin á gljúfrinu, sem er mjög djúpt þarna. Aðstæður voru skoðaðar N megin. Kletta-nef ganga á mót hvoru öðru í gljúfrinu og eru minjarnar á þeim.
>
> Hlaðið úr stórum steinum, móbergi og grágrýti, mest um 30-60 sm í þvm. Samskonar mannvirki er hinum megin ár.[85]

Í lýsingu á efra eða vestara kláfstæðinu segir í skýrslunni:

> Á norðurbakka Sauðár, um 30 m frá fossbrún og um 30 m frá slóða, og sést þaðan. ...Hleðsla úr stórum steinum, tvær samsíða grjótraðir, um 2,5 m langar og með um 0,5 m millibili. Breidd hleðslunnar er um 0,9 m hvoru megin. Mesta hæð er 0,5 m. Efri hlutinn er heillegur. Hleðslan á hinum bakkanum er 5-10 m neðar.[86]

Sumarið 2004 gerðu starfsmenn Fornleifastofnunar frekari rannsókn á öðru kláfstæðinu, þ.e. því eystra. Sumarið 2005 var vestara kláfstæðið rannsakað. Voru stöplarnir báðum megin árinnar myndaðir og mældir. Auk þess var hleðslugerð þeirra könnuð og snið grafið í báða eystri stöplana til rannsóknar á gjóskulögum. Engin jarðvegur var í vestari kláfstöplunum. Af gjóskulögum má ráða að austari kláfferjan hafi verið byggð nokkrum áratugum fyrir eldsumbrotin í Öskju 1875.[87]

Kláfur á Kringilsá 2.11

Í sóknarlýsingu Hofteigssóknar frá 1840 minnist Sigfús Finnsson ekki á kláf á Kringilsá. Í lýsingu Hofteigsprestakalls frá 1874 segir hins vegar: „Milli Hringgilsár og Jökulsár er stórt þríhyrnt graslendi sem heitir Hringgilsárrani, þar hafa Efradalsmenn upprekstur fyrir lömb sín sem dregin eru á drætti yfir Hringgilsá, haust og vor, því að hún er bæði vatnsmikil og ströng.“ [88]

Í lýsingu á ferð sinni um Austurland árið 1882 segir Þorvaldur Thoroddsen:

„Í Kringilsá er fagur foss; áin fellur í einni bunu fram af standbergi; á henni er dráttur (kláfur), er leitamenn nota.“ [89] Það skal þó tekið fram að Þorvaldur mun sjálfur aldrei hafa farið um þetta svæði en hafði upplýsingar sínar frá Gunnlaugi Jónssyni, bónda á Eiríksstöðum, auk annarra.

Helgi Valtýsson hefur eftirfarandi eftir Sigvarði Péturssyni, fyrrum bónda á Brú á Efra-Jökuldal: „Sauðá hafði verið allvatnsmikil síðan 1890 fram til 1934, en Kringilsá aftur á móti lítil um sama árabil. Ekki hefir þó kláfur verið í notkun á Sauðá í tíð Sigvarðar bónda, og ekki man hann eftir kláf á Kringilsá, en kveðst þó hafa séð þar kaðlaslitur 1906.“ [90] Eins og komið hefur fram var Sigvarður frá Gauksstöðum, fæddur 1884, og bjó á Brú árin 1926 til 1953.[91]

Í ritinu *Geymdar stundir* er að finna frásögn Erlings Sveinssonar „Þrekraun Bensa“. Þar segir meðal annars:

> Kringilsá var, áður en Brúarjökull skreið fram, mikið vatnsfall, svipað því sem vera mun nú. En á þessum árum [1915] var hún ekki nema lítil kvíslarspræna þótt korguð væri af jökulaur. Nokkru vestar en Kringilsá er á Brúaröræfum Sauðá ... Nú kom mest af því vatni, sem áður féll til Kringilsár undan Brúarjökli, fram í farvegi hennar ... Sauðá kemur í Jökulsá nokkru utar en Kringilsá. Er svæðið á milli þeirra nefnt Sauðafell ... Sauðafell og Kringilsárrani tilheyra Brúardölum og eru smöluð að haustinu um leið og þeir eru gengnir. En vegna þess hve Sauðá var á þessum árum mikil torfæra, svo að kindavon var þar sáralítil, var aldrei farið þangað oftar en einu sinni á ári hverju. Og nokkrum sinnum leið svo ár og ár að aldrei var þangað farið.[92]

Af þessari tilvitnun má enn sjá það, sem haft er eftir Sigvarði Péturssyni hér að framan, þ.e. að eftir Brúarjökulshlaupið 1890 hafi minnkað allverulega í Kringilsá. Má út frá því hugsa sér að kláfurinn á ánni hafi þá orðið óþarfur og í staðinn hafi verið farið yfir hana á vaði (en um vað á Kringilsá er fjallað í næsta kafla). Raunar er einnig hugsanlegt að kláfurinn á Kringilsá hafi að mestu leyti verið farinn úr notkun fyrir hlaupið 1890. Að sögn Páls Pálssonar frá Aðalbóli höfðu Efri-Jökuldælingar nýtt Kringilsárrana og rekið þangað fé „allt frá ómunatíð“, en eftir Öskjugosið 1875 var því hætt. Efri-Jökuldalur fór þá að miklu leyti í eyði um tíma og ábúendaskipti, sem fylgdu í kjölfarið, ollu því að hætt var að reka á Kringilsárrana.[93]



Mynd 15. Kláfur yfir Kringilsá reistur sumarið 2005. Horft til austurs yfir Kringilsá þar sem hún rennur út í Jöklu. Snæfell í baksýn. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Í frásögn Þorsteins Jónssonar af hreindýraveiðum á öræfum sumarið 1945 segir hann: „En eins og ég hef tekið fram, hversu umsjón með dýrunum er nauðsynleg, þá ætti ríkið að gera umsjónarmanni nokkuð auðveldara og hættuminna eftirlitið en nú er, sérstaklega með því að setja kláf á Kringilsá. ... Fyrr á

árum notaði bóndi úr Fljótsdal Kringilsárrana fyrir lambaafrétt og setti hann þá kláf á ána. Nú er sá kláfur löngu ónýtur, en þröngt gil er þar að ánni og mjög gott kláfstæði.“ [94]

Eins og áður er sagt voru kláfarnir á Sauðá og Kringilsá, að sögn Sverris Þorsteinssonar frá Klúku, gerðir af Andrési Kjerúlf á Melum í Fljótsdal, í þeim tilgangi að koma lömbum yfir árnar. Þetta mun hafa verið löngu fyrir aldamótin 1900. Sverrir veit ekki hversu lengi kláfarnir voru í notkun, en hampkaðlana úr þeim mátti sjá á báðum stöðum í hans tíð.[95] Andrés Kjerúlf var fæddur á Melum 1847, en stjórnaði þar sjálfur búi á árunum 1879-1904.[96] Það gæti því staðist að hann hafi komið upp kláfnum við Kringilsá.

Páll Pálsson frá Aðalbóli hefur ekki séð nein ummerki um kláfinn á Kringilsá en segir líklegast að hann hafi verið þar sem gilið er þrengst. Páll segir það hins vegar ekki rétt hjá Sverri Þorsteinssyni að kláfarnir á Kringilsá og Sauðá séu smíðaðir af Andrési Kjerúlf, heldur séu þeir eldri.[97]

Sigurjón Guðmundsson frá Eiríksstöðum hefur ekki komið í Kringilsárrana enda hefur ekki verið rekið á Kringilsárrana síðan hann hóf smalamennsku. Ef það gerðist að fé villtist á Kringilsárrana voru menn vanir að bíða með að sækja það þar til eftir að árnar lagði.[98]

Kláfstæðið fannst ekki við skráningu Fornleifastofnunar Íslands vegna umhverfismats sumarið 2000.

Vað á Kringilsá 2.12

Einungis hefur fundist ein heimild þar sem minnst er á vað á Kringilsá. Þorsteinn Jónsson segir í frásögn sinni af hreindýraveiðum á öræfum sumarið 1945:

> „Þar sem vaðið er [á Kringilsá] eru grasbakkar að ánni að vestan nokkrum metrum fyrir ofan gilið, en að austan er eyri og landtakan því sæmileg. Á árbakkana beggja megin eru vörður hlaðnar, svo ljóst er hvar út í skal fara. ... Fararstjórinn sagði okkur að það væru tveir stórir steinar í ánni rétt ofan við vaðið og ef ekki gengi yfir þá væri áin sæmilega fær.“ [99]

Hvar vaðið hefur verið kemur ekki fram í frásögninni en líklega hefur það verið ofan við Töfrafoss. Páll Pálsson fann vörðubrot við Kringilsá sumarið 2002, nokkuð ofan við Töfrafoss, og er þar vaðið líklega fundið. Vörðubrotið er austan megin árinnar og er nánast alveg fallið. Páll kom ekki auga á vörðu eða vörðubrot vestan árinnar.[100]

Eins og þegar hefur verið nefnt (í kaflanum um kláf á Kringilsá) er hugsanlegt að eftir að vatnaskipti urðu í Kringilsá og Sauðá í kjölfar hlaupsins í Brúarjökli 1890 hafi kláfur á Kringilsá orðið óþarfur, og eftir það farið yfir ána á vaði. Hins vegar má vel vera að vaðið sé miklu eldra.

Vaðið fannst ekki við skráningu Fornleifastofnunar Íslands vegna umhverfismats sumarið 2000.

2.13 Varða í Sauðárdal NM-122b:019

Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um fornleifaskráningu sumarið 2000 segir:

> [Norðan] Við Sauðá. Um 30 m frá árbakkanum og um 200 [m] ofan við foss. Um 30 m frá slóða. Stendur á blásnum mel. Gróin mosa og stör neðantil. Melkollur þessi er áberandi í fjarska. Neðstu steinarnir eru vaxnir skófum, en efstu 5-6 steinarnir hafa verið settir þarna nýlega.[101]



Mynd 16. Varða í Sauðárdal. Horft til suðvesturs. Kverkfjöll í baksýn. (Mynd Fornleifastofnun Íslands, GG.)

Tilgangur vörðunnar er óljós, en hugsanlegt er að hún vísi leiðina að kláfunum á ánni. Sumarið 2004 gerði Fornleifastofnun Íslands frekari rannsókn á vörðunni. Hún var mynduð, mæld og hleðslugerð hennar könnuð. Síðan var varðan rofin og grafið í undirlag hennar til rannsóknar á gjóskulögum.[102]

Leiðir 3

Helstu fornleifar sem teljast til samgönguminja eru vörður, leiðir, vöð, ferjur, kláfar og gangnamannakofar. Þær minjar um samgöngur og ferðalög, sem hér verða skoðaðar, eru leiðir sem yfirleitt eru aðeins troðningar og reiðgötur og er erfitt að segja til um aldur þeirra. Reynt hefur verið að tímasetja götupaldra á einum stað á landinu, upp með Skaftá, á leið sem liggur norður til Veiðivatna. Þar eru yfir 30 samhliða götur sem byrjuðu að myndast áður en gjóska féll á þær á fyrri hluta 12. aldar.[103] Má hugsa sér að hægt væri að gera slíkar rannsóknir víðar þar sem aðstæður væru heppilegar. Vörður voru oft hlaðnar við leiðir á Íslandi til að vísa mönnum leið og sýna hvar vöð voru staðsett. Ekki er vitað hversu algengar vörður voru á fjallvegum sem almenningur notaði fyrr á öldum. Einnig er erfitt að aldursgreina þær, því að vörður voru hlaðnar upp aftur og aftur. Þá getur verið snúið að ákvarða hlutverk þeirra til fjalla, því að oft reistu bændur vörður til að marka landamerki, haga og annað slíkt, ásamt því að smalar reistu oft vörður sér til gamans og til að merkja góð beitilönd. Þess er einnig að gæta að vörður eru oft úr grjóti einvörðungu og því enginn jarðvegur í þeim sem gæti innihaldið efni til aldursgreiningar.

Samgöngur á landinu hafa oft þótt erfiðar en þrátt fyrir það lögðu menn á sig ferðalög af ýmsum ástæðum svo sem til að sækja mannfagnaði, alþingi og kirkju. Þá þurftu íbúarnir að fara í kaupstað og einnig má nefna verferðir sjómanna, vistaskipti vinnufólks og flakk umrenninga. Samgöngumátinn var einfaldur, menn ferðuðust gangandi eða á hestum.[104] Ferðalög jukust eftir kristnitökuna, bæði innan héraða og milli þeirra, vegna þeirrar skyldu biskupa að vísitera þær sóknir sem þeir höfðu umsjón með. Í frásögum um fjallvegi er hlutur embættismanna stór, sérstaklega þegar litið er á ferðalög um lengri fjallvegi. Helstu farartálmar í samgöngum landsmanna voru árnar. Vegagerð var ekki uppá marga fiska, samgöngubætur voru helst gerðar af nauðsyn, svo sem að tína grjót úr leið eða leggja grjót í blautar keldur, og vegir sjaldan gerðir af mannahöndum. Einnig breyttust leiðir til fjalla oft ef vöð færðust til. Á alfaraleiðum voru oft lestagötur þar sem troðningar lágu margir samhliða.[105] Þetta breytist lítið í gegnum aldirnar og fram á 20. öld voru vegir víðast troðningar eftir hesta.

Þegar leiðir á framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar eru skoðaðar má strax skipta þeim í þrennt. Í fyrsta lagi eru leiðir innan sveitar sem tengjast byggð og nýtingu landsins gæða. Í öðru lagi má nefna ferðir grasafólks, veiði- og gangnamanna, sem eru talsvert annars eðlis en samgöngur milli héraða, en

í slíkum ferðum var þó oft farið mjög langt inn á hálendið. Í þriðja lagi eru leiðir á milli héraða sem oft liggja yfir óbyggt hálendi. Nú eru víða slóðar um framkvæmdasvæðið en þeir tengjast flestir náttúruperlum á svæðinu sem fólk í hálendisferðum nýtur að skoða. Allt aðrar forsendur lágu að baki ferðum manna áður fyrr. Ferðalög í óbyggðum tengdust ekki fögrum stöðum heldur leituðu menn stystu og hagkvæmustu leiða á milli staða. Ferðamátinn mótaði leiðirnar því að aðgengi að vatni og högum fyrir hestana var nauðsynlegt hverjum þeim sem fór yfir öræfin.

Frá upphafi byggðar hafa menn ferðast yfir hálendið til að stytta leiðina á milli landshluta. Til eru ágætar heimildir um samgöngur á miðhálendinu allt frá 13. öld. Helstu fjallvegir á Íslandi voru Kjalvegur, Skagfirðingavegur (um Stóradal og Kaldadal) ásamt Ódáðahraunsvegi (eða Biskupaleið) og Sprengisandsvegur. Kjalvegur og Skagfirðingavegur voru í samfelldri notkun eins langt aftur og elstu heimildir ná. Erfiðari samgöngur voru um Ódáðahraun og Sprengisand. Þessar leiðir liggja um auðnir og hafa slíkar ferðir aðeins verið á færi embættismanna, sem höfðu á að skipa mönnum og hestum, gátu jafnvel reitt með sér hey og áttu traustan útbúnað til ferðarinnar. Þó svo að þessar þjóðleiðir liggi ekki beint um framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar er nauðsynlegt að gefa helstu leiðum inn á svæðið gaum, enda er það hluti þess að skilja mikilvægi og samhengi leiða innan svæðisins.

Þegar hugað er að samgöngum á Austurlandi er ljóst að þær voru erfiðar. Sandar, vatnsföll og jöklar hömluðu oft ferðalögum suður fyrir Vatnajökul og þurftu til dæmis þingmenn í fjórðungnum að fara norður fyrir land til að komast á þing. Helstu leiðir að norðan suður á land voru Kjalvegur og Sprengisandsleið og var þá farið norður í Möðrudal, þaðan yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og um Mývatnssveit og Bárðardal til að komast á Sprengisand. Hinsvegar eru til heimildir um Biskupaleið eða Ódáðahraunsleið yfir Ódáðahraun inn á Sprengisandsleið, sem stytti leiðina suður á land. Ástæða þess að leiðin var nefnd Biskupaleið er talin sú að hún hafi einungis verið notuð af kirkjunnar mönnum sem riðu með stóra flokka. Öðrum hafi þessi leið ekki verið fær vegna þess að þar eru engir hagar og því hafi hún aðeins verið farin af þeim sem riðið gat með nægan kost fyrir alla ferðalanga, hesta sem menn. Elsta heimild, sem getur um ferðir biskupa um Ódáðahraun, er frá 16. öld. Árið 1544 sendir Gissur biskup Einarsson vísitasíubréf til Austfjarðaklerka þar sem hann segir: „... oc rida heiman ur Schalhollti eptir Thorlaksmesso. næst er kemur. til skriðufellz og suo austur spreingisand til modrudalz.“ [106] Hinsvegar er líklegt að fyrirrennarar Gissurar hafi einnig notað þessa leið, að minnsta kosti er ekkert sem bendir til þess að leiðin hafi verið nýlega komin í notkun þá. Þessarar leiðar er fyrst getið í Hrafnkötlu. Þar segir af för Sáms, sem bjó í Hrafnkelsdal, til þings. Hann á að hafa farið norður að Brú og þar yfir Jökulsá, þaðan yfir Möðrudalsheiði að Herðubreiðartungu, sem er tungan milli Lindaár og Grafarlandaár. Síðan fór hann fyrir ofan Bláfjall og yfir í Krókdal.[107] Önnur forn heimild um þessa leið kemur úr Vöðu-Brands þætti. Þar segir af mönnum sem riðu úr Vopnafirði að Jökulsá þar sem þeir skiptu liði. Reið annar flokkurinn sennilega þessa sömu leið fyrir ofan Mývatn til Krókdals og Bleikmýrardals. Hinir áttu að ríða almannaveg vestur til Vaðlaþings.[108] Þessa almannavegar er hvergi getið í öðrum heimildum og ætla

menn að hann hafi legið um Mývatnssveit.[109]

Annars er fátt vitað um ferðir biskupa um landið, aðallega þar sem þær hafa lítið verið rannsakaðar. Talið er að Oddur Einarsson biskup og Gísli sonur hans, sem einnig var biskup, hafi riðið áðurnefnda leið yfir Ódáðahraun og að þá hafi fylgdarmaður beðið þeirra í Krókdal og fylgt þeim yfir hraunið.[110] Ljóst er að þessi leið hefur verið notuð frá upphafi Íslandsbyggðar og landsmenn hafa alla tíð séð kosti þess að ferðast yfir Sprengisand og Ódáðahraun. Hinsvegar glataðist vitneskjan um hvar þessar leiðir lágu á 17. eða 18. öld. Árið 1770 var sett á fót Landsnefnd til að gera úttekt á ýmsu er varðaði þjóðarhag, þ.á.m. samgöngum. Átti að skoða möguleika á því að leggja vegi sem færir væru vögnum, kerrum eða sleðum. Árangurinn af starfi nefndarinnar birtist í tilskipun 29. apríl 1776 um vegi, brýr og ferjur. Þessi lög byggðu á ákvæðum réttarbótar frá 1294. Í þeim var lýsing á því hvernig ryðja skyldi vegi og hve breiðir þeir ættu að vera. Einnig segir þar að brautir ættu að vera yfir fen og brjóta skyldi kletta sem tepptu vegastæði. Samgöngubætur átti einnig að tryggja með því að setja lög um að reisa skyldi vörður og sæluhús við fjallvegi og brúa smáár og læki ásamt því að fjölga þyrfti ferjum. Engu fé var hinsvegar veitt til þessara framkvæmda þannig að sýslumönnum, sem áttu að sjá um að framfylgja lögunum, voru settar miklar skorður og hafa þeir sennilega lítið haft sig í frammi til að framfylgja þessum reglum.[111] Landsnefndin lagði til að leiðarinnar yfir Sprengisand yrði leitað og fannst hún fljótlega eftir það, en hinsvegar vafðist það meira fyrir mönnum að finna leiðina yfir Ódáðahraun. Hennar var lengi leitað og voru helstu ástæður þess að hún hefði stytt leið þingmanna úr Múlasýslum.[112] Leitin bar hinsvegar ekki árangur fyrr en á árunum 1976-1980, þá undir stjórn Jóns Sigurgeirssonar frá Helluvaði. Þá fannst vörðuð leið milli Möðrudals og Skjálfandafljóts, sem er sennilega gamla leiðin sem biskupar fóru til forna.[113]

Af leið þeirri, sem lá norður með Skjálfandafljóti (Sprengisandsleið), greindist leið biskupa við Kiðagil og lá norðaustur yfir Ódáðahraun til Möðrudals á Fjöllum.[114] Leiðin virðist hafa legið um Suðurárbotna (sbr. SÞ-653:002)[115], í Heilagsdal (sbr. SÞ-208b:018) og þaðan yfir Hafragjá, þar sem leið hefur verið rudd niður í gjána (Bræðraklif - SÞ-208b:022) og beint í austur yfir Jökulsá hjá Ferjufjalli (SÞ-208b:023) og heitir þar Ferjuhylur (NM-131:024), en á seinni tímum var ferjan þar eingöngu notuð til að sækja egg í Grafarlönd. Rekja má forn vörðubrot nær alla leiðina frá ferjunni að Möðrudal. Leiðin var vörðuð, en þær vörður voru sennilega reistar á kostnað biskupanna. Þær ferðir hafa einnig byggt á því að biskuparnir hafa tryggt sér ferju á Jökulsá, sem líklega hefur verið notuð af þeim einum og jafnvel verið á þeirra vegum alfarið.[116]

Má því segja að allar leiðir til Austurlands hafi legið um Möðrudal. Þeir sem fóru Sprengisand komu að Möðrudal um Grímsstaði á leið sinni á Hérað og biskupar staðnæmdust fyrst í Möðrudal þegar þeir komu af Ódáðahraunsvegi. Þar var síðasti gisti- og áfangastaður Austanmanna áður en lagt var á Sprengisand og Ódáðahraun.[117] Þetta gefur hugmyndir um mikilvægi þeirra leiða sem lágu frá Möðrudal og til annarra hluta Austurlands. Möðrudalur hefur allt frá fyrstu tíð verið á krossgötum og þar verið áningarstaður fyrir ferðamenn á leið milli landsfjórðunga.

Frá Möðrudal á Fjöllum lágu leiðir að mörgum bæjum á Jökuldal. Árið 1840

er getið um leiðir til Skjöldólfsstaða, Arnórsstaða, Hákonarstaða og Brúar. Stysta leiðin lá frá Möðrudal til Brúar.[118] Leiðin liggur frá Kjólstöðum nálægt Möðrudal meðfram Þverá yfir Jökuldalsheiði að Brú (NM-122a014). Þegar Sveinn Pálsson og föruneyti fóru þessa leið [undir lok 18. aldar] var hún nýtroðin.[119] Sú leið var hinsvegar sjaldfarnari á seinni öldum, að minnsta kosti segir í lýsingu Skinnastaðarprestakalls frá um 1840: „Frá Möðrudal liggur vegur ... til Brúar sem er efsti bær á Jökuldal, og er sjaldan farinn.“ [120] Eins var farið frá Möðrudal til Hákonarstaða um Sænautasel (NM-641:008). Leiðin frá Möðrudal til Skjöldólfsstaða á Jökuldal var þjóðleið austan við fjallgarðana, og af þeim vegi má fara til hægri handar í Hákonarstaði og þaðan má eins fara til Eiríksstaða og Arnórsstaða á Jökuldal.[121] Þjóðleiðin frá Möðrudal til Skjöldólfsstaða kallaðist Gestreiðarstaðavegur (NM-131:033), og lá svotil beint í austur, um Gestreiðarstaðaskarð og þvert yfir Jökuldalsheiði um Lönguhlíð.[122] Fram undan Hákonarstöðum á Jökuldal kom kláfferja (NM-127:011) á Jökulsána og hefur sá vegur sennilega verið farinn af þeim sem þurftu að komast lengra suður eftir.[123] Á 19. öld byggðist upp fjöldi bæja í Jökuldalsheiðinni og þar með hafa aukist mjög ferðir manna á svæðinu frá Möðrudal að Jökulsá. Vegir þessir voru hinsvegar aðeins troðnar götur og vegabætur helst þær að steinar voru lagðir í mjög torfærar keldur.[124]

Ljóst er því að greiðar leiðir lágu frá Möðrudal að Jökuldal. Frá Brú á Jökuldal lá leið suður Hrafnkelsdal og upp á Fljótsdalsheiði gegnt Aðalbóli (Aðalbólsvegur - NM-130:014, 015, 016, sbr. þó NM-129:011) og var þá komið niður hjá Kleif fremst í Norðurdal.[125] Einnig var farið frá Brú að Þorskagerði og þaðan Bessastaðagötur (NM-170:004, sjá NM-170:027) að Bessastöðum í Fljótsdal.[126] Eins og sagði áður var kláfur við Hákonarstaði á Jökuldal og þaðan var haldið áfram frá Klausturseli yfir heiðina, eftir Klausturselsvegi (NM-170:031) að Vegufs, þar sem sú gata sameinaðist Bessastaðagötum.[127] Sennilega hafa þetta verið helstu reiðleiðir nálægt framkvæmdasvæðinu, en þó er í fornritum getið um tvær leiðir til viðbótar. Önnur er Hallfreðsgata sem lá frá Hallfreðarstöðum í Tungu þvert yfir Fljótsdalsheiði til Aðalbóls (NM-641:016) í Hrafnkelsdal.[128] Einnig segir Daniel Bruun frá fornri reiðleið milli Eyvindarfjalla á Fljótsdalsheiði þar sem heitir Eyvindardalur.[129] Má segja að greiðar samgöngur hafi verið um austurjaðar framkvæmdasvæðisins að Brú og Aðalbóli og þaðan um sveitir, en heimildir greina ekki frá ferðum manna inn á virkjanasvæðið, enda liggur það á milli tveggja jökuláa, sem voru miklir farartálmar, og menn hafa notað vöð, ferjur og kláfa nær byggð til að komast fyrir þær.

Hér má benda á að byggðasaga Jökuldals er allólík byggðasögu flestra annarra sveita, því að þar virðist hafa verið mun meiri byggð fyrst eftir landnám en síðar varð. Lengi hefur verið vitað um fjölda tófta í Hrafnkelsdal og á Brúardölum, en þær höfðu lítið verið rannsakaðar fram til ársins 1978 er Sveinbjörn Rafnsson hóf rannsókn á tóftum þar. Helstu niðurstöður hans voru að á sextán stöðum í Hrafnkelsdal hafi verið búið, en býli þessi voru öll komin í eyði nokkru fyrir 1158. Þessir staðir eru Bakkastaðir, Skáli, í Mógilshálsi, Vaðbrekka, Þrándarstaðir, Þórisstaðir, Húsatóftir, undir Smjörtungufelli, innan við Faxahús, Tobbahóll, Aðalból, Laugarhús, Blesatangi, innan við Faxagil, Þuríðarstaðasel og Glúmsstaðasel. Á 11 af þessum stöðum var byggt upp aftur síðar á miðöldum, en þeir voru farnir í eyði aftur á síðari hluta 16. aldar. Að

vísu má benda á að ekki er til nein örugg aðferð til að greina milli bústaða og selja og því erfitt að fullyrða nokkuð um að föst búseta hafi verið á öllum þessum stöðum. Af Hrafnkötlu má ráða að byggð hafi einnig verið framan við Brú og fann Sveinbjörn sex rústir á Brúardölum, sem voru allar eldri en 1158. Þær eru á Orustustöðum, Steingrímsstöðum, Geithúsum, í Vesturdal, Hring og í Dyngju. Sveinbjörn taldi að eins og í Hrafnkelsdal hefðu flestir þessara staða byggst á ný á síðmiðöldum, nema á Geithúsum, en allir voru komnir í eyði seint á 16. öld. Sveinbjörn túlkaði rannsóknargögnin á þann veg að þegar á 10. öld hafi menn byggt mjög langt inn til fjalla en að sú byggð hefði fljótlega lagst af, og taldi hann líklegast að aukið mikilvægi fiskveiða hefði orðið til þess að menn leituðu heldur til sjávarsíðunnar og því hefði hálendisbyggðin lagst af.[130] Ljóst er að á meðan byggðin á þessu svæði var í blóma hefur verið meiri umferð á framkvæmdasvæðinu en á síðari öldum, en engin leið er nú að staðsetja þær leiðir nákvæmlega. Hvort sem þarna voru býli eða sel hefur umferð um svæðið verið miklu meiri en nú.

Til viðbótar við þær leiðir, sem hér hefur verið fjallað um, eru til sagnir um aðrar leiðir um svæðið. Þessar frásagnir eru misáreiðanlegar en nauðsynlegt er að kunna skil á þeim, því að einhverjar leiðanna gætu hafa legið um framkvæmdasvæðið. Fyrsta má nefna Bárðargötu (SÞ-641:016) sem nefnd er í Landnámu. Þar segir af búferlaflutningum Gnúpa-Bárðar norðan úr Bárðardal eftir Bárðargötu,[131] sennilega um Ódáðahraun og um Vonarskarð suður í Fljótshverfi. Sagan er þjóðsagnakennd en hún sýnir þó þekkingu á landslagi og mögulegri leið, sem ekki var kunn á seinni öldum.[132] Þegar Landsnefndin var að leita hugsanlegra hálendisleiða lagði hún til að þessarar leiðar yrði leitað.[133]

Sama er að segja um Vatnajökulsleið, leið meðfram norðurbrún Vatnajökuls, sem Pétur Brynjólfsson uppgötvaði árið 1795 og vakti mikla athygli.[134] Vatnajökulsleið liggur meðfram norðurjaðri Vatnajökuls, yfir Brúaröræfi, um Hvannalindir og Kverkfjallarana, yfir Jökulsá á Fjöllum, Holuhraun og Síðdegisflæður sunnan við Dyngjufjöll, þaðan yfir Urðarháls og Dyngjuháls til Gæsavatna og er þá örskammt í Vonarskarð. Síðan liggur leiðin norðan Tungnafellsjökuls og sameinast nú Sprengisandsleið við Tómasarhaga.[135] Hún varð þó aldrei alfaraleið, jafnvel þó að Fjallvegafélagið léti gera frekari könnun á henni 1833 með það fyrir augum að opna veg þar milli Austfjarða og Suðurlands.[136] Þetta er talin ný leið í ferðabók Sveins Pálssonar[137] og engar heimildir fyrir því að hún hafi verið farin til forna. Þess er ekki getið að Pétur hafi fylgt fornum vörðum og því er þetta í raun ekki leið í þeim skilningi orðsins, sem notuð er í fornleifafræði, en ferð Péturs sýnir hinsvegar hversu mikilvægt það var fyrir landsmenn að finna leiðir til að auðvelda ferðalög austur á land.

Menn dreymdi lengi um að stytta ferðaleiðir á milli Suðurlands og Austfjarða og getur Ólafur amtmaður Stefánsson þess í skýrslu sinni til Landsnefndarinnar að mikil þörf sé á því að taka upp hinn forna veg milli Suðurlands og Fljótsdalshéraðs sem nefndur er í Njálssögu.[138] Fleiri heimildir geta þessarar leiðar, sem lá af Jökuldal vestur í Árnessýslu, framhjá Herðubreið og norðan jökla.[138] Lítið meira er vitað um þessar þrjár leiðir. Bárðargata er hvergi nefnd annarsstaðar í sögunum. Leiðin norðan jökla, sem nefnd var í Njálu, hefur ekki verið rannsökuð að ráði og leiðin, sem Pétur

uppgötvaði, varð ekki alfaraleið. Margir hafa bent á að fjölgun skriðjökla á norðurhlið Vatnajökuls hafi sennilega orðið til þess að leiðir norðan jökla hafa lagst af.

Í máldaga kirkjunnar í Möðrudal segir árið 1575: „xij trogsaudlahogg i Skaptafellsskog.“ [140] Í Jarðabók segir frá því 1709 að Skaftafell eigi 14 hrossa beit á Möðrudalsöræfum sem sé ekki notuð vegna jökla.[141] Þessar tvær heimildir hafa leitt til hugmynda um að til forna hafi verið greið leið frá Möðrudal suður yfir Vatnajökul í Skaftafell.[142] Vegalengdin hefur verið talin 4 þingmannaleiðir.[143] Fram á 18. öld var Vatnajökull kallaður Klofajökull og var minni en hann síðar varð. Fleiri heimildir geta um þessa leið. Árni Magnússon segir frá henni[144] og einnig Hannes biskup Finnsson árið 1790:


> Á nefndri reisu minni talaði eg við Einar sál. í Skaftafelli um gamla veginn milli Öræfa og Möðrudals á Fjalli. Meinti hann, að sá vegur væri enn practicable og tveggja dagleiða ferð frá öræfabyggð. Uppi á fjöllum hefði fundist skeifa, þar sem menn nú vissu ei, að nokkur maður hefði nokkurn tíma ferðazt …[145]

Þessarar leiðar hefur ekki verið formlega leitað en fundist hafa ýmsar vísbendingar um það hvar hún hafi legið. Talið er að hún hafi verið upp úr Morsárdal, milli Miðfells og Skarðatinds. Talið er að jöklarnir hafi verið miklu minni fyrr á öldum og þá hafi Morsárjökull ekki verið skriðjökull. Á Miðfelli hefur fundist vegur eða einstigi ásamt skeifu (sennilega sú sama og Hannes nefnir) og þar fundust einnig hestburðir af birkihrísi.[146] Líklegt má telja að farið hafi verið af Brúarjökli á milli Sauðár og Kverkár til að sleppa við Jökulsárnar.[147] Fært hefur verið niður Brúarjökul vestanverðan, að minnsta kosti fór J.P. Koch þar upp á jökulinn árið 1912.[148]

Önnur leið yfir jökulinn á að hafa verið frá Kálfafelli í Hornafirði að Hálsatindi að Snæfelli og niður í Fljótsdal. Þessi leið var notuð fram á 17. öld, bæði úr Fljótsdal til fiskiróðra í Suðursveit og úr Suðursveit til grasatekju norður hjá Snæfelli.[149] Einnig er nefnd leið um Hálsatinda þar sem Norðanmenn fóru í ver í Suðursveit við Hálssker fram á 16. öld. Þeir áttu að hafa ferðast norður að jöklinum og farið upp á hann við Kverkfjöll eða sunnan Snæfells,[150] ferðast yfir jökulinn austan undir Miðfellsegg og Birnudalstindi,[151] síðan hjá Hálsatindum og komið niður í Suðursveit.[152]

Síðasta leiðin yfir jökulinn, sem nefnd er, virðist hafa legið um Hoffellsjökul og Vatnajökul. Sú leið á að hafa legið frá Hoffelli í Hornafirði norður yfir jökul niður í Fljótsdal, og að hafa verið notuð fram á 17. öld. Sennilega hefur verið farið upp með eða eftir austurjaðri jökulsins fyrir Múla, um nýju Núpa og þaðan um Djöflaskarð. Svo er greið leið af jöklinum.[153] Þessi leið var talin rúm dagleið.[154]

Erfitt er að meta þessar frásagnir um leiðir yfir jöklana, vafalítið hafa einhverjar þeirra legið um framkvæmdasvæðið, en ljóst er að þetta hafi ekki verið alfaraleiðir þar sem farið var milli landshluta með stór föruneyti. Þetta hafa verið leiðir sem farnar voru af hraustu fólki sem hefur þurft að ferðast hratt yfir og hefur verið staðkunnugt.



Mynd 17. Leiðir sem hægt er að staðsetja við framkvæmdasvæðið (© Landmælingar Íslands, leyfi L05030008.)

Tilvísanir 4

1 *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*, bls. 75.
2 Örnefnaskrá-Múlinn, bls. 2.
3 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [I]“, bls. 83.
4 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 58.
5 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar, 2005.
6 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [I]“, bls. 83-84.
7 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar, 2005.
8 Þórhallur Björgvinsson, munnleg heimild 7. janúar, 2005. Geir G. Zoëga og Steinþór Sigurðsson: „Skrá yfir sæluhús“, bls. 54.
9 Geir G. Zoëga og Steinþór Sigurðsson: „Skrá yfir sæluhús“, bls. 54.
10 *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka,* bls. 75.
11 Örnefnaskrá-Vesturöræfi, bls. 2.
12 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 57.
13 Þorvaldur Ásgeirsson: „Hofteigsprestakall 1874“, bls. 82.
14 Halldór Stefánsson: „Fyrirburður Guðmundar Snorrasonar í Sauðakofa aðfaranótt 3. sept. 1884“, bls. 289-291.
15 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
16 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 58.
17 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
18 Þórhallur Björgvinsson, munnleg heimild 7. janúar 2005.
19 Daniel Bruun: „Ferð á Brúarjökul“, bls. 110-111.
20 Daniel Bruun: „Ferð á Brúarjökul“, bls. 112-113.
21 Daniel Bruun: „Ferð á Brúarjökul“, bls. 113-114.
22 Daniel Bruun: „Ferð á Brúarjökul“, bls. 115.
23 Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, bls. 107-119.
24 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 61.
25 Geir G. Zoëga og Steinþór Sigurðsson: „Skrá yfir sæluhús“, bls. 53.
26 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 50-51.
27 *Göngur og réttir* V, bls. 325-326.

28 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 60.
29 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 62.
30 Þessa lýsingu hefur Sverrir frá Jóni Jónssyni, fæddum á Hrollaugsstöðum í Skaftafellssýslu, er flutti um tvítugt í Fljótsdal og var vinnumaður í Fellum og einnig lengi á Klaustri og víðar.
31 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
32 Helgi Hallgrímsson, munnleg heimild, 6. janúar 2005.
33 Páll Pálsson, munnleg heimild, 21. janúar 2005.
34 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 48-49.
35 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 62.
36 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 62.
37 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 56.
38 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
39 Páll Pálsson, munnleg heimild 21. janúar 2005.
40 Þorvarður Kjerúlf: „Vatnajökull hlaupinn“, bls. 47.
41 Pálmi Hannesson: „Á Brúaröræfum“, bls. 49.
42 Todtmann, E. M.: „Übersicht über die Eisrandlagen in Kringilsárrani von 1890-1955“, bls. 9.
43 Þórhallur Björgvinsson, munnleg heimild 7. janúar 2005.
44 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
45 Þorvaldur Ásgeirsson: „Hofteigsprestakall 1874“, bls. 82.
46 Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, bls. 56-57.
47 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
48 Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara undir vatn í Hálslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*, bls. 2.
49 *Íslenzk fornrit* XI, bls. 103.
50 Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara undir vatn í Hálslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*, bls. 3.
51 Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, bls. 26.
52 Bruun, Daniel: „Nokkrar dysjar frá heiðni“, bls. 17-18.
53 Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, 28-29.
54 *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta* II, bls. 456.
55 Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara undir vatn í Hálslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*, bls. 4-5.
56 Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara undir vatn í Hálslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*, bls. 5-7.
57 Pálstóftir (Reykjasel) var rannsakað í ágúst 2005 og leiddi fornleifauppgröftur í ljós tvær samliggjandi byggingar og mannvirki sem líklega hefur

verið gerði eða aðhald. Af afstöðu gjóskulaga má ráða að byggingarnar hafi verið reistar skömmu eftir 950 og verið komnar úr notkun nokkrum áratugum fyrir 1070. Tveir silfurpeningar og glerperla sem fundust við uppgröftinn styðja og þessa tímasetningu. Ekki kom neitt fram við rannsóknina sem mælir gegn þeirri hugmynd að þarna hafi verið sel, en mikill fjöldi gæsabeina gæti þó bent til þess að byggingarnar hafi verið notaðar sem veiðistöð. Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas: *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka*, bls. 8-11.

58 Þorsteinn Jónsson: „Hreindýraveiðar sumarið 1945“, bls. 176.
59 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas: *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka*, bls. 8.
60 Örnefnaskrá-Brú, bls. 9.
61 Sigfús Finnsson: „Hofteigssókn 1840“, bls. 64.
62 Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, bls. 108-109.
63 Pálmi Hannesson: „Á Brúaröræfum“, bls. 43.
64 Geir G. Zoëga og Steinþór Sigurðsson: „Skrá yfir sæluhús“, bls. 53.
65 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 68.
66 Þorsteinn Jónsson: „Hreindýraveiðar sumarið 1945“, bls. 176.
67 Sigurjón Guðmundsson, munnleg heimild 8. janúar 2005.
68 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas : *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka*, bls. 8.
69 Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, bls. 108-109.
70 Þorvaldur Ásgeirsson: „Hofteigsprestakall 1874“, bls. 82-83.
71 Þorvaldur Thoroddsen: „Ferð um austurland sumarið 1882“, bls. 44.
72 Pálmi Hannesson: „Á Brúaröræfum“, bls. 52.
73 Páll Pálsson, óprentað handrit.
74 Páll Pálsson. Munnleg heimild 21. janúar 2005.
75 Sigfús Finnsson: „Hofteigssókn 1840“, bls. 64.
76 Örnefnaskrá-Brú, bls. 9.
77 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 20.
78 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 280.
79 Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, bls. 108-109.
80 Pálmi Hannesson: „Á Brúaröræfum“, bls. 54-55.
81 Sigurjón Guðmundsson, munnleg heimild 8. janúar 2005.
82 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
83 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 27.
84 Páll Pálsson, munnleg heimild 21. janúar 2005.
85 *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*, bls. 51.
86 *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*, bls. 52.
87 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas: *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka,* bls. 8.
88 Þorvaldur Ásgeirsson: „Hofteigsprestakall 1874“, bls. 82-83.
89 Þorvaldur Thoroddsen: „Ferð um austurland sumarið 1882“, bls. 44.
90 Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum*, bls. 20.
91 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* I, bls. 280.
92 Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, bls. 108-109.
93 Páll Pálsson, munnleg heimild 21. janúar 2005.
94 Þorsteinn Jónsson: „Hreindýraveiðar sumarið 1945“, bls. 190.

95 Sverrir Þorsteinsson, munnleg heimild 9. janúar 2005.
96 *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II, bls. 27.
97 Páll Pálsson, munnleg heimild 21. janúar 2005.
98 Sigurjón Guðmundsson, munnleg heimild 8. janúar 2005.
99 Þorsteinn Jónsson: „Hreindýraveiðar sumarið 1945“, bls. 182.
100 Páll Pálsson, munnleg heimild 21. janúar 2005.
101 *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*, bls. 52.
102 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas: *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka*, bls. 8.
103 Jón Jónsson: „Tólfahringur og Leiðólfsfell“, bls. 121-131.
104 Jón Guðnason: *Verkmenning Íslendinga V Vegamál*, bls. 1.
105 Jón Guðnason: *Verkmenning Íslendinga V Vegamál*, bls. 1-2.
106 DI XI, bls. 361.
107 ÍF XI, bls. 109; Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, bls. 8-9.
108 ÍF X, bls. 132.
109 Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, bls. 9, 23. Bendir margt til þess að við Oddsvörðu vestan Ferjufjalls skiptist leiðin upp, annarsvegar vestur Ódáðahraun og hinsvegar fannst þéttvörðuð leið liggur í stefnu á Veggjabungu, talsvert norðar en Biskupaleiðin. Þetta gæti verið almanna-vegurinn sem nefndur í er Vöðu-Brands þætti.
110 Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, bls. 9.
111 Jón Guðnason: *Verkmenning Íslendinga V Vegamál*, bls. 3-4.
112 Einar Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga“, bls. 267.
113 Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni*, bls. 5-6.
114 Einar E. Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga“ , bls. 227.
115 Númer í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, Ísleifu.
116 Jón Gauti Jónsson: *Ódáðahraunsvegur hinn forni* , bls. 13-17.
117 Halldór Stefánsson: *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli* , bls. 15-16.
118 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* , bls. 100.
119 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar* , bls. 391-393.
120 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* , bls. 110.
121 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 110.
122 Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“ , bls. 150-151, 174.
123 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 145.
124 Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, bls. 173.
125 Daniel Bruun: „Við norðurbrún Vatnajökuls“ , bls. 165.
126 *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 100.
127 Hjörleifur Guttormsson: „Norð-Austurland, hálendi og eyðibyggðir“ , bls. 53; *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*, bls. 100.
128 Örnefnaskrá-Heiðarsel, 7-8.
129 Daniel Bruun: „Við norðurbrún Vatnajökuls“, bls. 166.

130 Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*, bls. 93-94.
131 *Íslenzk fornrit* I, bls. 273-74.
132 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 473-74.
133 *Lovsamling* III, bls. 675.
134 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 474-75.
135 Sigurður Kristinsson: „Lítil samantekt um Vatnajökulsleið“, bls. 34.
136 Páll Sigurðsson: *Fjallvegafélagið*, bls. 50-54.
137 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 474.
138 Einar E. Sæmundsen: „Sprengisandsleið“, bls. 62.
139 Einar E. Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga“, bls. 259-260; *Lovsamling* III, bls. 675.
140 DI XV, bls. 674-675.
141 Ísleifur Einarsson: *Jarðabók XIII*.
142 Einar E. Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga“, bls. 260.
143 Halldór Stefánsson: *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli*, bls. 19.
144 Árni Magnússon. *Chorographica Islandica*, bls. 20.
145 Einar E. Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga“, bls. 279.
146 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 483-493.
147 *Fornir fjallvegir á Austurlandi*, bls. 65-66.
148 *Fornir fjallvegir á Austurland* , bls. 66.
149 Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, bls. 475.
150 Gísli Gestsson: „Ferðafélag Íslands 40 ára“, bls. 145.
151 *Fornir fjallvegir á Austurlandi*, bls. 66.
152 Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók* III, bls. 227.
153 *Fornir fjallvegir á Austurlandi*, bls. 67.
154 Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók* III, bls. 220.

Heimildaskrá 5

Adolf Friðriksson og Ragnar Edvardsson: *Kárahnjúkavirkjun - Fornleifar og vatnafar.* Fornleifastofnun Íslands, FS150-00062. Reykjavík, 2001.

Austurland. *Safn austfirzkra fræða* I-II. Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson ritstýrðu. Akureyri, 1947 (I) og 1948 (II).

Austurland. Safn austfirzkra fræða V. Halldór Stefánsson, Bjarni Vilhjálmsson og Jón Ólafsson voru í ritnefnd. Akureyri, 1958.

Árni Magnússon: *Chorographica Islandica*, (Safn til sögu Íslands, 2. flokkur), Reykjavík, 1955.

Bruun, Daniel: „Ferð á Brúarjökul“, *Hrakningar og heiðavegir* III. Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið. Akureyri, 1953, bls. 110-119.

Bruun, Daniel: „Nokkrar dysjar frá heiðni“, *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1903, bls. 17-30.

Bruun, Daniel: „Við norðurbrún Vatnajökuls. Rannsóknir á Austurlandi sumarið 1901“ *Múlaþing* 7, 1974, bls. 159-195.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Einar E. Sæmundsen: „Fjallvegamál Íslendinga - Enn um Sprengisand og leiðir austan hans“, *Hrakningar og heiðavegir* II. Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið. Akureyri, 1950, bls. 223-299.

Einar E. Sæmundsen: „Sprengisandsleið“, *Hrakningar og heiðavegir* I. Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið. Akureyri, 1949, bls. 11-74.

Erlingur Sveinsson: „Þrekraun Bensa“, *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi* III. Ármann Halldórsson bjó til prentunar. Víkurútgáfan, Prentsmiðjan Hólar, 1983, bls. 107-119.

Fornir fjallvegir á Austurlandi. Gefið út af áhugahóp um vörður og fjallvegi á Austurlandi. 3. útgáfa. Egilsstaðir, 1998.

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka. Adolf Friðriksson ritstýrði. Fornleifastofnun Íslands, FS135-00061. Reykjavík, 2001.

Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas: *Rannsókn á fornleifum sem fara undir Hálslón við Kárahnjúka. Framvinduskýrsla september 2004*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2004.

Geir G. Zoëga og Steinþór Sigurðsson: „Skrá yfir sæluhús“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1940, bls. 37-65.

Gísli Gestsson: „Ferðafélag Íslands 40 ára“, *Árbók Ferðafélags Íslands* rit-

stjóri Halldór Stefánsson, 1993, bls. 139-146.
Gunnar Gunnarsson: „Fljótsdalshérað“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1944.
Guttormur Pálsson: „Austfjarðalýsing“, Austurland. *Safn austfirzkra fræða* I. Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson ritstýrðu. Akureyri, 1947, bls. 47-69.
Göngur og réttir, V. bindi. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Akureyri, 1987.
Halldór Stefánsson: „Fyrirburður Guðmundar Snorrasonar í Sauðakofa aðfaranótt 3. sept. 1884“, *Eimreiðin* 51 (1945), bls. 289-291.
Halldór Stefánsson: „Hrafnkelsdalur og byggðin þar“, Austurland. *Safn austfirzkra fræða* II. Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson ritstýrðu. Akureyri, 1948, bls. 145-172.
Halldór Stefánsson: „Saga Austurlands 930-1800“, Austurland. *Safn austfirzkra fræða* V. Halldór Stefánsson, Bjarni Vilhjálmsson og Jón Ólafsson voru í ritnefnd. Akureyri, 1958.
Halldór Stefánsson: *Þættir úr sögu Möðrudals á Efra-Fjalli.* Akureyri, 1943.
Halldór Stefánsson: „Jökuldalsheiðin og byggðin þar“, Austurland. *Safn austfirzkra fræða* I, Akureyri 1947, bls. 145-271
Hallgrímur Jónasson: „Á Sprengisandi“, *Árbók ferðafélags Íslands* 1967, bls. 1-191.
Hallgrímur Jónasson: „Kjalvegur hinn forni“ *Árbók ferðafélags Íslands* 1971, bl.s 1-177.
Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [I]“, *Múlaþing* 25 (1998), bls. 72-89.
Helgi Hallgrímsson: „Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum [II]“, *Múlaþing* 26 (1999), bls. 47-69.
Helgi Valtýsson: *Á hreindýraslóðum. Örœfatöfrar Íslands*. Akureyri, 1945.
Hjörleifur Guttormsson: „Norð-Austurland - hálendi og eyðibyggðir“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1987, bls. 7-218.
Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara undir vatn í Hálslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2004.
Ísleifur Einarsson: „Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar“, *Blanda*, I, 1918-1920, bls. 1-38.
Íslenzk fornrit I. bindi. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík, 1986.
Íslenzk fornrit X. bindi. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík, 1979.
Íslenzk fornrit XI. bindi. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík, 1950.
Jón Guðnason: *Verkmenning Íslendinga V Vegamál*, Reykjavík 1975.
Jón Gauti Jónsson: *Óddáðahraunsvegur hinn forni*, (Lesarkir Náttúruverndarráðs 7), Reykjavík, 1981.
Jón Jónsson: „Tólfahringur og Leiðólfsfell.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1989, bls. 121-31
Lovsamling for Island, indeholdende udvalg af de vigtigste ældre og nyere love og anordninger, resolutioner, instructioner og reglementer, althingsdomme og vedtægter, kollegialbreve, fundatser og gavebreve ... Útgefandi Høst og søn, I-XXI, Kaupmannahöfn 1853-1870.
Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-

1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík, 2000.
Páll Sigurðsson: *Fjallvegafélagið. Ágrip af sögu þess*, Reykjavík 1994.
Pálmi Hannesson: „Á Brúaröræfum“, *Hrakningar og heiðavegir* II.-III. bindi. Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið. Akureyri, 1950 (II) og 1953 (III).
Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta II. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1886.
Sigfús Finnsson: „Hofteigssókn 1840“, *Sýslu- og sóknalýsingar. Múlasýslur*, Reykjavík, 2000, bls. 57-70.
Sigurður Kristinsson: „Lítil samantekt um Vatnajökulsleið“, *Múlaþing* 14 1985, bls. 34-52.
Sveinbjörn Rafnsson: *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum*. Rit Hins íslenska fornleifafélags. Reykjavík, 1990.
Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Reykjavík.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-IV. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. Reykjavík, 1974-1978.
Thorstein Sigurdsen: „Norður-Múlasýsla“, *Sýslulýsingar 1744-1749*. Sögurit XXVIII. Reykjavík, 1957, bls. 252-292.
Todtmann, E. M.: „Übersicht über die Eisrandlagen in Kringilsárrani von 1890-1955“, *Jökull* 5 (1955), bls. 8-10.
Þorsteinn Jónsson: „Hreindýraveiðar sumarið 1945“, *Geymdar stundir. Frásagnir af Austurlandi* III. Ármann Halldórsson bjó til prentunar. Víkurútgáfan, prentsmiðjan Hólar, 1983, bls. 172-190 [greinin birtist fyrst í Eimreiðinni 1946].
Þorvaldur Ásgeirsson: „Hofteigsprestakall 1874“, *Sýslu- og sóknalýsingar. Múlasýslur*, Reykjavík, 2000, bls. 71-106.
Þorvaldur Thoroddsen: „Ferð um austurland sumarið 1882“, *Andvari* 9 (1883), bls. 17-96.
Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók* III. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1959.
Þorvarður Kjerúlf: „Vatnajökull hlaupinn. Frásögn Þorvarðar læknis Kjerúlfs 1890“, *Jökull* 12 (1962), bls. 47-48.
Örnefnaskrá-Brú, Norður-Múlasýsla, Jökuldals- og Hlíðarhreppur. Skráð af Ara Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá-Heiðarsel, Norður-Múlasýsla, Jökuldalshreppur. Skráð af Ara Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá-Múlinn, Norður-Múlasýsla, Fljótsdalshreppur. Skráð af Ara Gíslasyni en Eiríkur Eiríksson yfirfór og leiðrétti. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá-Vesturöræfi, Norður-Múlasýsla, Fljótsdalshreppur. Skráð af Ara Gíslasyni, en Páll Gíslason yfirfór og leiðrétti. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn

Helgi Hallgrímsson frá Droplaugarstöðum í Fljótsdal. Fæddur 1935. Viðtal tekið 6. janúar 2005.
Páll Pálsson frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Fæddur 1947 á Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Viðtal tekið 6. janúar 2005 og 21. janúar 2005.

Sigurjón Guðmundsson frá Eiríksstöðum í Jökuldal. Fæddur 1929 í Sænautaseli á Jökuldalsheiði og flutti að Eiríksstöðum 1943. Viðtalið tekið 8. janúar 2005.

Þórhallur Björgvinsson frá Þorgerðarstöðum í Fljótsdal. Fæddur 1922 og flutti að Þorgerðarstöðum 1927. Viðtal tekið 7. janúar 2005.